ÍSLENSK **VELFERÐ** Í FREMSTU RÖÐ

FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS 2007

ÁRSFUNDUR **ASÍ** 18.-19. OKTÓBER 2007

FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS 2007

18. – 19. október 2007

Útdráttur úr fundargerð

Efnisyfirlit

Fimmtudagur 18. október 3

Setning fundarins 3
Ávarp forseta 3
Ávarp félagsmálaráðherra 7
Kjörbréfanefnd 12
Afgreiðsla kjörbréfa 13
Kjör starfsmanna ársfundar 13
Efnahags- og kjaramál / 1. umræða og kynning 13
Umræður 15
Ísland og norræna velferðarsamfélagið / 1. umræða og kynning 18
Ísland og norræna vinnumarkaðsmódelið / 1. umræða og kynning 21
Lagabreytingar 27
1. umræða um laga og reglugerðarbreytingar 28

Föstudagur 19. október 30

Laga og reglugerðarbreytingar 2. umræða 30
Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og stofnana 31
Reikningar ASÍ og stofnana 32
Umræða um skýrslu forseta og ársreikninga 32
Atkvæðagreiðsla um lagabreytingar 32
Efnahags- og kjaramál 2. umræða / afgreiðsla 32
Kjör varaforseta ASÍ 33
Framhald umræðna um efnahags- og kjaramál 34
Atkvæðagreiðsla 34
Matarhlé kl 12:30. 34
Tillaga kjörnefndar um miðstjórnarmenn til ársfundar ASÍ 2009 34
Norræna velferðarmódelið, 2. umræða 35
Vinnumarkaðsmál / 2. umræða og afgreiðsla 36
Atkvæðagreiðsla 39
Atkvæðagreiðsla um kjör aðalmanna í miðstjórn 39
Tillaga kjörnefndar um varamenn í miðstjórn til ársfundar ASÍ 2009 39
Tillaga um kjörnefnd til loka ársfundar ASÍ 2008 40
Önnur mál 40
Ársfundi slitið 41

FULLTRÚAR Á ÁRSFUNDI ASÍ 2007 44

FIMMTUDAGUR 18. OKTÓBER

Setning fundarins

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2007 var haldinn á Hótel Nordica, 18.- 19. október. Fundurinn hófst kl. 10:00.

Við upphaf fundarins flutti Jóhann Friðgeir Valdimarsson nokkur sönglög við undirleik Jónasar Þórissonar.

Af því loknu setti Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ fundinn með eftirfarandi ávarpi:

Ávarp forseta

„Félagsmálaráðherra, félagar, góðir gestir.

Ég býð ykkur velkomin til þessa sjöunda ársfundar Alþýðusambands Íslands. Framundan er tveggja daga ströng vinnulota, auk þess sem við munum nota tækifærið og rifja upp gömul og góð kynni.

Á ársfundum stillum við saman strengina, förum yfir það sem hefur verið gert og leggjum línurnar fyrir verkefni framtíðarinnar. Verkefnin framundan eru brýn eins og áður – þrátt fyrir að okkur hafi orðið vel ágengt í mörgu tilliti.

Á ársfundinum fyrir ári fjölluðum við um áhrif hnattvæðingarinnar á stöðu launafólks. Þar komumst við að þeirri niðurstöðu að í hnattvæðingunni væri bæði að finna ógnir og tækifæri og lögðum áherslu á réttláta og ábyrga hnattvæðingu.

Við komumst líka að þeirri niðurstöðu, að bestu viðbrögðin við þeim áskorunum sem hnattvæðingunni fylgja, felast í norræna velferðarkerfinu og vinnumarkaðskerfinu.

Á þessum ársfundi tökum við upp þráðinn þar sem frá var horfið. Við fjöllum um þá framtíðarsýn sem við lítum á sem svar við þeim áskorunum sem í hnattvæðingunni felast og við ræðum praktískar lausnir á ýmsum þeim viðfangsefnum sem við blasa.

Stærsta einstaka verkefnið á allra næstu mánuðum er undirbúningur og gerð kjarasamninga. Undanfarið hafa félög og landssambönd haldið þing og kjaramálaráðstefnur og ég fæ ekki betur séð en það sé mikill og góður samhljómur varðandi þær áherslur sem menn vilja tefla fram. Þar virðist mér einkum tvennt standa upp úr að því er varðar launamálin sjálf.

Fyrir utan réttmæta kröfu um hækkun kaupmáttar er greinilega eindreginn vilji til að hækka lægstu launin umtalsvert. Það hefur verið mikið launaskrið að undanförnu – en þeir sem sitja helst eftir við þær aðstæður er fólkið á strípuðu töxtunum – fólkið á lægstu launum.

Hitt verkefnið sem samhljómur er um, er krafan um að færa taxta að greiddu kaupi. Það felur í sér að fá tryggingu fyrir því að þær kjarabætur og ávinningar sem launafólk hefur fengið til viðbótar við það sem samið er um í kjarasamningum, verði ekki tekið af aftur, þegar dregur úr þenslu.

Þetta er jafnframt mikilvægt tæki í baráttunni gegn félagslegum undirboðum. Í því sambandi er krafan um að starfsréttindi séu virt einnig mikilvæg.

Síðan eru væntanlega mörg mál sem við munum setja á oddinn í kröfugerðinni, mál sem við höfum verið með í vinnslu undanfarin misseri og ár og skipta launafólk miklu máli.

Það blasir til dæmis við að verkalýðshreyfingin mun setja fram mjög skýra kröfu um að gerð verði hörð atlaga að launamun kynjanna. Við hljótum meðal annars að binda vonir við þá stefnumótun sem sett er fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í því sambandi.

Nú þegar er hafinn undirbúningur að samstarfi aðila vinnumarkaðarins og opinberra aðila – en gleymum því ekki félagar, að í þessu eins og öðru eru það kjarasamningar sem eru lykill að árangri.

Í undanförnum kjarasamningum höfum við lagt sívaxandi áherslu á menntun launafólks. Ég hef oft haldið því fram að vænlegasta leiðin til að koma fólki af lægstu töxtunum sé að auka menntun þess og þjálfun. Stöðug þróun og breytingar á vinnumarkaði gera þetta sífellt mikilvægara – fyrir einstaklingana sjálfa – en ekki síður fyrir atvinnulífið.

Öflug menntastefna er einn helsti lykillinn að þróttmiklu, framsæknu og samkeppnishæfu atvinnulífi. Hún er þó ekki síður lykillinn að lífsgæðum einstaklinganna, virkri þátttöku þeirra í atvinnulífinu og samfélaginu í heild. Menntakerfi á því að hafa það að markmiði að virkja alla einstaklinga samfélagsins og nýta krafta þeirra.

Við leggjum því áherslu á öfluga grunnmenntun. Ófullkomið menntakerfi hér á landi veldur því að mikill fjöldi fólks á vinnumarkaði hefur ekki næga grunnmenntun og á því erfitt með takast á við breytingar á vinnumarkaði og í atvinnulífinu – ekki síst vegna hnattvæðingarinnar - og nýta sér nýja möguleika sem bjóðast.

Vannýttur mannauður á íslenskum vinnumarkaði þýðir sóun fyrir samfélagið. Það er skylda samfélagsins að tryggja að þessir einstaklingar fái nýtt tækifæri til að afla sér grunnmenntunar og mennta sig til nýrra starfa.

Verkalýðshreyfingin hefur verið forystuafl í uppbyggingu og þróun símenntunar og fullorðinsfræðslu og þess sér stað víða.

Nú er komið að því að taka næsta skref í þessu mikilvæga hagsmunamáli alls launafólks.

Krafa okkar er sú að sett verði lög um fullorðinsfræðslu þar sem réttindi og möguleikar fólks með litla formlega menntun verða tryggðir. Ennfremur verði réttur allra á vinnumarkaði til að sækja endur- og símenntun viðurkenndur.

Í ávarpi sínu á Viku símenntunar fyrir skemmstu lýsti Menntamálaráðherra því yfir, að undirbúningur slíkrar löggjafar sé þegar hafin. Við fögnum því auðvitað.

Um leið leggjum við áherslu á að verkalýðshreyfingin taki þátt í þeim undirbúningi – og síðan hljótum við að ítreka mikilvægi þess að tryggðir verði fjármunir í framkvæmdina.

Í menntamálunum viljum við ennfremur nýjar áherslur í framhaldsskólanum, þar sem markmiðið verði jafnrétti til náms og að öll ungmenni ljúki skilgreindu námi úr framhaldsskóla sem er viðurkennt á vinnumarkaði og viðurkennt til frekara náms.

Þetta felur það ekki síst í sér að framhaldsskólinn verði ein heild – án aðgreiningar í bóknám og verknám.

Þær breytingar og þróun sem er á atvinnuháttum og tækni kalla á meiri fjölbreytni á öllum skólastigum, þar með talið á háskólastigi. Í því sambandi ber að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi verk- og tæknimenntunar.

Síðast en ekki síst, þá leggjum við mikla áherslu á samstarf um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda milli landa. Þar hafa verið stigin mikilvæg skref í Evrópusamstarfinu og mikilvægt að við tökum enn meiri þátt í því starfi.

Félagar,

Þær áherslur sem ég hef hér rakið eru fyrsta og mikilvægasta grunnstoðin í þeirri framtíðarsýn sem við getum kallað íslensku útfærsluna á norræna módelinu. Þær eru hluti af þeirri framtíðarsýn sem við teljum nauðsynlega til að bregðast við hnattvæðingunni.

Þessi framtíðarsýn – norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðskerfið - er stærsta viðfangsefnið á þessum ársfundi – fyrir utan að ræða komandi kjarasamninga.

Þar er búið a vinna mikla undirbúningsvinnu og afraksturinn af henni er lagður fram hér á ársfundinum til umfjöllunar.

Reynslan kennir okkur að norrænu velferðarsamfélögin - sem eru byggð á grundvallarhugsjónum verkalýðshreyfingarinnar - hafa skapað íbúum sínum mesta almenna velferð og lífsgæði meðal þjóða heims. Þetta eru staðreyndir sem ég held að fáir mótmæli.

En þau eru jafnframt meðal þeirra samfélaga sem eru best búin undir framtíðina og samkeppnina sem fylgir hnattvæðingunni. Og félagar – þau eru ekki einungis best búin undir það að takast á við áskoranir sem fylgja hnattvæðingunni, heldur ekki síður tækifærunum sem henni fylgja.

Um þetta fjölluðum við ítarlega á síðasta ársfundi Alþýðusambandsins fyrir réttu ári síðan. Þess vegna höfum við sagt: Velferðin borgar sig – sama hvernig á það er litið. Einmitt vegna þessa, höfum við lagt mjög mikla áherslu á það í okkar vinnu að treysta stoðir velferðarkerfisins og höfum sagt að með því séum við að búa íslenskt samfélag, launafólk og vinnumarkaðinn í heild - undir framtíðina.

Menntamálin eru fyrsta stoðin – og ég hef farið hér nokkrum orðum um það hvernig við sjáum fyrir okkur íslensku leiðina í þeim efnum.

Önnur meginstoðin í norræna líkaninu er öflugt velferðarkerfi, borið uppi af opinberum aðilum. Það byggir á jöfnuði og jafnrétti, rausnarlegri vernd og áherslu á virkar vinnumarkaðsaðgerðir og traust réttindi sem eru meðal annars tryggð í kjarasamningum.

Íslenska velferðarkerfið er að mörgu leyti frábrugðið þeim sem við þekkjum á hinum Norðurlöndunum. Og ég hef haldið því fram að við höfum fjarlægst þau á undanförnum árum.

Við höfum margoft bent á dæmi um hvar kreppir að - og lagt fram tillögur til úrbóta.

Ég nefni húsnæðismálin. Breytingar á húsnæðismarkaði hafa verið miklar og margar þeirra verið láglaunafólki mjög mótdrægar. Ég bendi í því sambandi á afnám félagslega húsnæðiskerfisins og rýrnun vaxtabóta. Húsaleigubætur hafa staðið í stað síðastliðin 7 ár. Ofan á þetta hefur síðan bæst gríðarleg þensla á húsnæðismarkaði.

Nú er svo komið að allmargar fjölskyldur eru í miklum vanda og það hefur fjölgað umtalsvert á biðlistum sveitarfélaganna eftir leiguhúsnæði á hagkvæmum kjörum.

Það er talið að meira en 2700 fjölskyldur séu á biðlistum eftir félagslegu leiguhúsnæði. Þar er lítil hreyfing. Það þarf einnig að gera átak í að gera ungu fólki mögulegt að kaupa eða leigja húsnæði. Það þarf að efla og

einfalda kerfi húsnæðisbóta. Síðan hljótum við að gera kröfu til þess að sveitarfélögin axli með afgerandi hætti sína ábyrgð gagnvart því fólki sem er á biðlista eftir leiguhúsnæði. Það er ástæða til að fagna því að ráðherra hefur sett í gang vinnu þar sem stefnt er að því að bregðast hratt við þessum vanda.

Við leggjum ríka áherslu á lengingu fæðingarorlofsins, það er eitt stærsta jafnréttismál nútímans.

Ég gæti tínt fleira til í sambandi við velferðarkerfið – til dæmis þróun almannatryggingakerfisins – stöðu öryrkja og ellilífeyrisþega. Í þessu sambandi vil ég jafnframt leggja áherslu á tillögu Velferðanefndar ASÍ fyrir þennan fund um að lágmarksviðmið í velferðarkerfinu verði merkjanlega fyrir ofan skilgreind fátæktarmörk.

Í dag eru framreiknuð fátæktarmörk Hagstofu Íslands um 130.000 kr. og við teljum eðlilegt að viðmið velferðarkerfisins séu nokkuð hærri.

Ég get ekki heldur látið hjá líða að minnast aðeins á tillögur um uppstokkun á réttindakerfi okkar vegna veikinda-, slysa- og örorku.

Þeim er í fyrsta lagi ætlað að tryggja að afkoma launafólks sem lendir í áföllum vegna veikinda eða slysa verði bætt og treyst verulega frá því sem nú er, í allt að 5 ár. Um leið er lagt til að kerfið verði allt einfaldað og gert skilvirkara.

Í annan stað er markmiðið að taka upp fyrirkomulag sem byggir á öflugri ráðgjöf og aðstoð við þá sem lenda í áföllum til að verða sem fyrst aftur virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Síðast en ekki síst er nýju fyrirkomulagi ætlað að efla og styrkja starfsemi sjúkrasjóða stéttarfélaganna og treysta ímynd og vitund launafólks um mikilvægi stéttarfélaganna og starfsemi þeirra.

Þriðja grunnstoðin er síðan leikreglur og samskipti á vinnumarkaði. Undanfarin ár höfum við átt í harðri baráttu gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði og misnotkun á stöðu útlendinga í því sambandi. Þessa sögu þekkja engir betur en þið – ég hef oft rætt hana og ætla ekki að rekja hana hér.

Þetta mál snýst ekki síst um samskipti og leikreglur á vinnumarkaði. Þar gegna traust samskipti milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda höfuðmáli. Við höfum ítrekað kallað eftir virku samráði og samþættri stefnu í efnahags, atvinnu, og félagsmálum.

Saman mynda þeir þættir það sem við höfum kallað Sveigjanleika með öryggi. Í stuttu máli er hægt að lýsa því sem kerfi þriggja stoða. Fyrsta stoðin snýst um öflugt menntakerfi. Önnur stoðin er öflugt velferðarkerfi á vinnumarkaði. Það er fyrir alla – allir hópar og einstaklingar eiga að hafa möguleika á að vera virkir á vinnumarkaði. Þriðja grunnstoðin snýr að öflugu kerfi samskipta aðila vinnumarkaðarins.

Félagar,

Þó svo við ræðum þessi viðfangsefni – kjaramálin og norræna velferðar- og vinnumarkaðskerfið sitt í hvoru lagi á fundinum – þá er samfellan augljós.

Í kjarasamningum gefast tækifæri til að fylgja eftir þessum áherslum og koma þeim á dagskrá. Síðan er ástæða til að binda vonir við sitthvað sem hefur verið sagt, gert og skrifað undanfarna mánuði.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi skapast aðstæður í þjóðfélaginu til að hægt sé að stíga stór skref í að koma þessari framtíðarsýn - sem ég hef hér tæpt á - í framkvæmd.

Eftir tímabil græðgi og sérhyggju sem hefur verið ofan á undanfarin ár er að verða ákveðin viðhorfsbreyting í samfélaginu. Við merkjum hana á vettvangi stjórnmálanna, hjá atvinnurekendum og í samfélaginu öllu. Og eins og ég hef nefnt er að finna ýmis jákvæð teikn í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar.

Ég er því þeirrar skoðunar að nú sé ákveðið tækifæri til að mynda hér breiða samstöðu um nauðsynlegar breytingar á velferðarkerfinu og umfram allt eflingu þess. Þetta er tækifæri sem við eigum ekki – og megum ekki, láta hjá líða. Það hlýtur að vera öllum ljóst - að til að mynda slíka sátt og samstöðu – og til að hrinda verkunum í framkvæmd – verður að hafa víðtækt samráð.

Ágætu félagar,

Á fundum sem þessum hef ég jafnan gert mikilvægi samstöðunnar að umtalsefni. Ástæðan er augljós. Samstaðan er lykillinn að árangri okkar í að hrinda í framkvæmd þeim málum sem við höfum ákveðið að setja á oddinn í baráttu okkar.

Ég trúi því og treysti að þessi fundur muni þétta raðirnar enn frekar. Ég trúi því og treysti að hann muni búa okkur undir þau verkefni sem ég hef minnst á og eru framundan í starfi okkar. Þau kristallast í yfirskrift þessa fundar – ***Íslensk velferð í fremstu röð***

Félagar!

Sjöundi ársfundur Alþýðusambands Íslands er settur og ég vil biðja Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta sambandsins að taka við stjórn fundarins."

Ávarp félagsmálaráðherra

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir varaforseti ASÍ tók við fundarstjórn og bauð félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, velkomna til fundarins. Hún flutti eftirfarandi ræðu.

„Ágætu ársfundargestir.

Á síðasta ári fagnaði Alþýðusamband Íslands því með glæsilegum hætti að 90 ár voru liðin frá stofnun þess. Nú er að hefjast áfangi í átt að aldarafmæli Alþýðusambandsins sem fagnað verður árið 2016.

Heil öld er langur tími og sú öld sem að baki er hefur verið öld stórstígra breytinga. Fyrir einni öld var jarðvegur þeirrar verkalýðshreyfingar sem við þekkjum í dag að myndast hér á landi. Fyrir nákvæmlega 100 árum, haustið 1907, var gerð tilraun til að stofna Verkamannasamband eftir fyrirmynd frá Norðurlöndunum. Í því samhengi var meðal annars rætt um að arður af vinnu rynni til vinnandi fólks, um jafnrétti meðal kynja og að almannatryggingum yrði komið á. Þetta voru miklir breytingatímar og gerjun í samfélaginu var mikil.

Í sögu verkalýðshreyfingarinnar á vef Alþýðusambands Íslands segir orðrétt: „Á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar jókst dýrtíðin og auður færðist á fárra manna hendur, örbirgðin fór vaxandi. Krafan um víðtækt samstarf

verkalýðsfélaganna varð æ háværari. Úr þessum jarðvegi er Alþýðusamband Íslands sprottið."

Ágætu ársfundargestir.

Hér í dag sitja tæplega 300 fulltrúar frá 64 aðildarfélögum Alþýðusambandsins um land allt. Þið eruð komin víða að til þess að móta stefnu Alþýðusambands Íslands haustið 2007.

Og hver eru viðfangsefnin. Kann að vera að þau séu að hluta til hin sömu og þau voru haustið 1907, fyrir réttri öld síðan? Getur verið að meginumfjöllunarefnið á ársfundi ykkar sé hið norræna velferðarkerfi og hvernig við getum nýtt okkur það besta frá öðrum Norðurlöndum á vinnumarkaði okkar?

Getur verið að við séum á Íslandi í dag að ræða um hvort vinnandi fólk eigi að njóta þess arðs sem verður til í samfélaginu? Getur verið að við séum að ræða um hvort konur og karlar búi við jafnrétti á Íslandi í dag? Getur verið að við séum að ræða framtíð almannatryggingakerfisins hér á landi?

Án umhugsunar getum við svarað öllum þessum spurningum játandi.

Rétt eins og fyrir 100 árum er það hlutverk okkar að horfa gagnrýnum augum á samfélagið og fram á veginn. Nú spyrjum við okkur hvort við séum á réttri leið. Við spyrjum okkur í dag hvort það samfélag sem við búum í sé það samfélag sem við raunverulega viljum. Rétt eins og fyrir 100 árum skiptir það samfélag okkar afar miklu máli að slík lifandi umræða fari fram á vettvangi hinna vinnandi stétta enda er það ekki síst þaðan sem velferðin sækir þróttinn og stöðugan endurnýjunarkraft.

Hver er myndin sem blasir við okkur og hver eru viðfangsefni okkar í dag, ykkar í verkalýðshreyfingunni og okkar í stjórnmálunum? Ég mun hér fara yfir það í nokkrum orðum.

Heimsmyndin og þjóðfélagsmyndin árið 2007 er vissulega önnur en sú mynd sem blasti við verkalýðshreyfingunni þegar hún var stofnuð hér á landi. Alþjóðavæðingin sem leiðir meðal annars til aukins flæðis vinnuafls í hnattvæddu umhverfi, skapar ný vandamál og viðfangsefni og hætta er á félagslegum undirboðum og að skattar skili sér ekki með eðlilegum hætti inn í velferðarkerfið okkar. Við þurfum að berjast gegn því að alþjóðavæðingin grafi undan þeim réttindum sem barist hefur verið fyrir og okkur þykja sjálfsögð og viljum ekki fyrir nokkurn mun láta af hendi. Þetta eru ný viðfangsefni sem við verðum að takast á við á nýrri öld.

Samvinna við Alþýðusambandið á sviði alþjóðamála er og verður mikilvæg. Þið hafið meðal annars knúið ákveðið á um að Ísland fullgildi fleiri samþykktir ILO og leggi þannig sitt af mörkum til að tryggja launafólki mannsæmandi vinnuskilyrði hvar sem er í heiminum. Þessi mál og þá meðal annars ILO-samþykkt númer 158 eru í mínum huga mikilvæg og ég mun fylgjast grannt með þeirri yfirferð sem nú á sér stað á vettvangi félagsmálaráðuneytisins í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Við vitum að uppi hefur verið ágreiningur meðal aðila vinnumarkaðarins um þetta mál sem hefur tafið afgreiðslu þess úr hófi. Menn verða að fara að leiða þetta mál til lykta. Það er ekki endalaust árum saman hægt að kasta svo mikilvægu máli á milli sín án nokkurrar niðurstöðu.

Margt fleira er breytt í þjóðfélaginu sem skapar ný viðfangsefni. Atvinnulífið breytist, verkefnin verða önnur og fjölbreyttari, þjónustustörfum fjölgar og þörfin fyrir símenntun og endurmenntun hefur aldrei verið meiri.

Mesta atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi, í samanburði meðal OECD-ríkja, krefst enn öflugara velferðarkerfis en ella við umönnun barna, sjúkra og

aldraðra og það er viðfangsefni sem við verðum að leysa. Jafnt atvinnuframlag bæði kvenna og karla til samfélagsins er afar mikilvægt og krefst þess að við samþættum atvinnulíf og fjölskyldulíf. Öflugt velferðarkerfi er lykilatriði.

Verkefni velferðarkerfisins og almannatrygginga eru margþætt. Við megum ekki missa sjónar á mikilvægi þess og þeirri staðreynd að fólk á Ísland býr því miður við misjöfn kjör árið 2007. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að samanburðarrannsóknir, sem byggja á sömu viðmiðum og notuð eru innan Evrópusambandsins, benda til þess að árið 2004 hafi 9,7%, eða 27.600 manns hér á landi, 16 ára og eldri, verið undir fátæktarmörkum.

Fyrir liggja tölur um fátækt, ótal skýrslur hafa verið unnar um þetta efni og fram hafa komið tillögur til úrbóta. Það er eitt af mikilvægustu verkefnum í umbótum á velferðarkerfinu að draga úr fátækt. Ég hef ítrekað lýst minni skoðun á þessum málum og ég óska eftir samráði við verkalýðshreyfinguna og sveitarfélögin um leiðir til þess að sporna gegn fátækt hér á landi. Það verður ekki lengur undan því vikist að auka hlutdeild þeirra fátæku í þjóðarauðnum.

Ágætu ársfundargestir.

Við erum að hefja kjörtímabil nýrrar ríkisstjórnar og tónninn er gefinn í stefnuyfirlýsingunni. Í henni endurspeglast forgangsröð sem byggir á velferð fyrir alla, ekki síst þeirra sem minna mega sín og eiga af mismunandi ástæðum erfitt uppdráttar í samfélagi okkar. Ég er afar þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að vinna að þeim mikilvægu málaflokkum sem félagsmálaráðuneytið fer með. Að mínu mati er þetta áhugaverðasta ráðuneytið í Stjórnarráðinu, ráðuneytið sem hefur flesta snertifleti við fólkið í landinu.

Um næstu áramót mun ráðuneytið taka við nýjum, þýðingarmiklum og umfangsmiklum málaflokkum. Það er ekki lítið verkefni að fá að kljást við almannatryggingar og málefni lífeyrisþega.

Mér finnst þessir málaflokkar snerta þann kjarna sem hvert samfélag snýst um. Ég legg ríka áherslu á að við stöndum vörð um heilbrigðan og öflugan vinnumarkað hér á landi á sama tíma og við treystum stoðir velferðarkerfisins. Starfsendurhæfingarmálin eru mikilvægur þáttur í heildarmyndinni og ég vil sjá að þau fái stóraukið vægi á næstu árum.

Já, viðfangsefnin mín og ykkar eru fjölmörg og ég nefni hér þau helstu.

Hlutfallsleg fjölgun aldraðra hér á landi eins og í öðrum vestrænum samfélögum krefst þess að við skoðum framtíðaruppbyggingu almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðakerfisins og samspil þessara grundvallarþátta og heilbrigðisþjónustuna og þjónustu í þágu aldraðra almennt, hvort sem þeir eru utan heilbrigðisþjónustu eða innan. Allir þessir þættir auka framtíðarverkefni velferðarkerfisins.

Almannatryggingar framtíðarinnar eiga í rúmum skilningi að styðja við fulla atvinnuþátttöku kvenna, fjölgun aldraðra, styðja við fjölskyldulíf og samkeppnishæfni og leysa úrlausnarefni tengd innflytjendum og hnattvæðingu. Almannatryggingar þurfa að taka á grunngildum jöfnuðar í samfélaginu eins og um jöfnun tækifæra, minnkun fátæktar, öryggi, þátttöku og samheldni í nýju þjóðfélagsumhverfi, í nýju alþjóðlegu umhverfi. Það kallar á nýjar lausnir, nýjar útfærslur og nýtt skipulag.

Ég vænti mikils af þessu starfi og ég vænti mikils af samstarfi við Alþýðusambands Íslands við mótun framtíðarstefnu á sviði almannatrygginga.

Á vettvangi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hefur verið unnið að nýju kerfi veikinda-, slysa- og örorkuréttinda fyrir félagsmenn aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands á almennum vinnumarkaði. Ég fagna því að Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins leggi svo mikla áherslu á eflingu starfsendurhæfingar, eins og raun ber vitni.

Margt í þessum tillögum stuðlar að auknum lífsgæðum fólks og eykur möguleika þess á að vera virkir þátttakendur á vinnumarkaði í kjölfar slysa og veikinda. Tillögurnar um snemmtæka íhlutun við skerta starfsgetu einstaklinga, einstaklingsmiðaða endurhæfingarþjónustu og færnimat í stað örorkumats eru í fullu samræmi við tillögur nefndar forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar, sem nú starfar áfram sem framkvæmdahópur um tillögur nefndarinnar.

Hitt er svo annað mál að það þarf að skoða miklu betur hvort rétt sé að ábyrgð á örorkumati og eftirliti með þjónustunni verði í höndum aðila vinnumarkaðarins. Við hljótum að ígrunda vel kosti þess og galla ef grunnþjónusta og framfærslukerfi fólks með skerta starfsgetu verði á ábyrgð annarra en opinberra aðila. Hér þarf að tryggja samspil margra þátta og það getur verið erfitt og skapað ójafnræði að þróa þessi kerfi óháð hvert öðru. Með þessu er ég alls ekki að hafna því áfallatryggingakerfi sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa undirbúið heldur einungis að segja að það eru mörg álitaefni uppi sem þarf að skoða.

Hér þarf að fara að með gát og hyggja vel að því hvert er verið að stefna. Það velferðarkerfi sem við höfum búið við undanfarna áratugi dregur dám af því sem hefur verið við lýði á Norðurlöndunum tekur til allra óháð stétt eða stöðu í þjóðfélaginu. Þetta er eitt af því sem á að ræðast í tengslum við heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu sem nú er að hefjast.

Þá hlýtur þetta mál að verða til umræðu á vettvangi nefndar stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar nú um málefni öryrkja í víðu samhengi og ég vil jafnframt tengja þetta með beinum hætti þeirri starfsendurhæfingu sem við viljum byggja upp á vettvangi Vinnumálastofnunar. Þar hafa aðilar vinnumarkaðarins virka aðkomu sem er í mínum huga mjög mikilvægt.

Húsnæðismál eru einn af hornsteinum velferðarkerfisins. Samkvæmt nýrri könnun sem félagsmálaráðuneytið lét gera á högum fólks á húsnæðismarkaðnum eru 2.750 manns á biðlistum eftir félagslegu húsnæði.

Af þeim sem eru á biðlistum hjá sveitarfélögum og Öryrkjabandalaginu hafa rúm 70% heildartekjur undir 150.000 krónum á mánuði. Margir þeirra eiga ekki kost á að halda eigið heimili þar sem leiga á almennum markaði er orðin svo há að hún er óviðráðanleg fyrir lágtekjufólk, en á sama tíma hefur grunnfjárhæð húsaleigubóta ekki hækkað frá árinu 2001. Algengt er að fólk greiði 110–130.000 krónur fyrir þriggja herbergja íbúð á almennum leigumarkaði.

Þetta ástand hefur leitt til þess að biðlistar eftir félagslegu leiguhúsnæði sveitarfélaga og félagasamtaka hafa ekki styst þrátt fyrir fjölgun íbúða. Fólk í sárustu neyð, oft og tíðum með börn á framfæri, býr nú hjá ættingjum eða vinum og getur ekki haldið eigið heimili. Hér er um alvarlegt samfélagslegt vandamál að ræða sem ríki og sveitarfélög verða að sameinast um að leysa á næstu misserum og verkalýðshreyfingin einnig. Þar eigum við samleið.

Þetta er þó engin tilviljun. Á sama tíma og húsnæðisverð hefur nær tvöfaldast hefur verið dregið úr félagslegu hlutverki íbúðalánakerfisins.

Nú er svo komið að þeir sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð þurfa að eiga á bilinu þrjár til fimm milljónir til að kaupa tveggja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu miðað við núverandi lánafyrirkomulag. Í könnuninni kemur fram að um 7.000 manns hafi reynt að kaupa húsnæði á síðastliðnum árum en fallið frá því. Af þeim sem hyggja á fasteignakaup á næstunni er skortur á eigin fé stærsta hindrunin.

Ungt fólk þarf að skuldsetja sig mikið til að komast á fasteignamarkaðinn og vaxtagreiðslur heimilanna af íbúðarhúsnæði vaxa ár frá ári. Í nýrri greinargerð sem unnin hefur verið fyrir mig kemur fram að vaxtagjöld heimilanna jukust um 125,3% að raungildi frá 1994 til 2005 en vaxtabætur heimilanna jukust á sama tíma aðeins um 4,7%. Vaxtabæturnar hafa ekki haldið í við þróun fasteignaverðs og heimilin greiða nú mun hærri hlutdeild ráðstöfunartekna sinna í vaxtagjöld vegna húsnæðis en þau gerðu fyrir tímabil verðhækkana á fasteignamarkaði. Sá ávinningur sem heimilin höfðu af lækkun vaxta á fasteignalánum árið 2004 hefur orðið að litlu eða engu vegna hækkaðs fasteignaverðs og aukinnar skuldsetningar.

Á þessu öllu þarf að taka af skynsemi í ljósi fenginnar reynslu og byggja upp þann framtíðarhúsnæðismarkað sem við viljum sjá hér á landi, með fjölbreytt úrræði sem mætir mismunandi aðstæðum.

Ágætu ársfundargestir.

Ég spyr sjálfa mig oft að því af hverju okkur hafi ekki tekist að afnema kynbundinn launamun og af hverju svo lítið hafi þokast sem raun ber vitni frá árinu 1961 er sett voru lög sem kváðu á um afnám kynbundins launamunar innan fárra ára.

Jafnréttismálin, kynbundni launamunurinn og málefni umönnunarstéttanna eru meðal forgangsmála þessarar ríkisstjórnar og að þeim verkefnum vill ríkisstjórnin vinna með samstarfi hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins.

Ég fagna mjög þeim áherslum sem forseti ASÍ lagði á þessi mál.

Á komandi missirum verðum við að stíga markviss skref í átt að þessum mikilvægu markmiðum ríkisstjórnarinnar. Við verðum að brjótast út úr áratuga stöðnun í launamálum kynjanna og treysta grundvöll velferðarkerfisins, með endurmati þeirra mikilvægu starfa sem þar eru unninn. Komandi kjarasamningar geta orðið fyrsta stóra varðan á þeirri vegferð.

Ágætu ársfundargestir.

Verkefnin og viðfangsefnin eru óþrjótandi. Ég hef farið hér yfir þau helstu en stóra málið fyrir ykkur og samfélagið í heild er að hér sé farið að settum reglum á innlendum vinnumarkaði. Slíkt er í senn grundvöllur öflugs efnahagslífs og velferðarsamfélags. Ég nefndi hér áhrif alþjóðavæðingarinnar og viðfangsefni tengd henni sem eru og verða viðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar í framtíðinni. Því miður hefur pottur verið brotinn í eftirliti hér á landi gagnvart erlendu vinnuafli eins og ég hef ítrekað bent á og stjórnvöld fóru alltof seint af stað. Alltof seint. Alþýðusambandið hefur hins vegar að mörgu leyti verið til fyrirmyndar í viðleitni sinni við að upplýsa, mennta og verja kjör þeirra erlendu starfsmanna sem hingað hafa komið.

Annan október síðastliðinn hleypti Vinnumálastofnun af stokkunum sérstöku eftirlitsátaki með fyrirtækjum vegna erlendra starfsmanna undir heitinu „Allt í ljós", í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og Alþýðusambandið. Átakið felur í sér margþættar aðgerðir sem þegar hafa skilað árangri.

Aldrei hafa fleiri skráningar erlendra starfsmanna borist Vinnumálastofnun en í síðasta mánuði eða tæplega 1.600. Um miðjan þennan mánuð höfðu 870 skráningar borist, mun fleiri en yfir venjulegan heilan mánuð og er það rakið beint til átaksins. Þá hefur orðið veruleg aukning á skráningum starfsmanna starfsmannaleiga og í þjónustuviðskiptum. Átakið og umræðan er því að skila okkur árangri eins og að var stefnt.

Ágætu ársfundargestir.

Þið hafið sett hér saman metnaðarfulla dagskrá sem snertir meginviðfangsefni samfélags okkar í dag sem sýnir að verkalýðshreyfingin er vel vakandi. Verkalýðshreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki við að skapa það jafnvægi sem nauðsynlegt er í hverju samfélagi. Það er jafnvægi á milli sveigjanleika og velferðar sem einkennt hefur norræna velferðarmódelið og verið fyrirmynd annarra þjóða. Á þeirri sýn eigum við að byggja. Hún hefur skipað okkur í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði og þeirri forystu ber okkur að halda.

Ég óska ykkur góðs í ykkar mikilvægu störfum."

Ársfundarfulltrúar stóðu upp og klöppuðu fyrir ræðu félagsmálaráðherra. **Ingibjörg R. Guðmundsdóttir** tók til máls og sagði mikinn samhljóm vera í ræðu félagsmálaráðherra við þær áherslur sem ASÍ legði á þessum ársfundi. Kvaðst hún ekki hafa upplifað svo góðar undirtektir ársfundarfulltrúa við ræðu nokkurs félagsmálaráðherra.

Kjörbréfanefnd

Guðmundur Þ Jónsson formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir áliti nefndarinnar.

Í kjörbréfanefnd eiga sæti auk Guðmundar, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Ísleifur Tómasson.

„Ágætu félagar.

Í samræmi við ákvæði 31. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ 8. október sl. eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna ársfundar sambandsins árið 2007:

Þann sem hér talar, Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, formann LÍV og Ísleif Tómasson, starfsmann RSÍ.

Kjörbréfanefnd kom saman til fundar þriðjudaginn 16. október sl. til að fjalla um innkomin kjörbréf og verklag vegna ársfundar ASÍ 2007.

Fram kom að samkvæmt 2. mgr. 29. grein laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum á ársfund ASÍ árið 2007. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ á fundi sínum 5. september að úthluta einu aðildarfélagi sem ekki náði inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 29. gr. laganna einum fulltrúa skv. 4. mgr. 29. gr. Alls hafa því 291 fulltrúi seturétt á ársfundi ASÍ 2007.

16. október höfðu 62 aðildarfélög og deildir sent inn kjörbréf vegna 290 fulltrúa á ársfundinn.

Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á ársfundinum:

Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra ársfundarfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, raðað eftir aðildarfélögum eða landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á

grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagðan lista verði öll samþykkt.

Ef það eru ábendingar sem þið viljið gera við samþykkt kjörbréf samkvæmt framangreindum lista er þess óskað að þið komið þeim á framfæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold og verður hann hér fram í anddyri.

Þá ber að geta þess að frá því kjörbréfanefnd kom saman 16. október hafa borist nokkrar óskir um breytingar, þar sem varamenn eru að koma inn fyrir aðalmenn vegna forfalla, og er verið að vinna úr þeim.

Breytingar á kjörbréfum verða kynntar þegar þær liggja fyrir."

Afgreiðsla kjörbréfa

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir bar upp tillögu kjörbréfanefndar sbr. skjal nr. 5 og var hún samþykkt samhljóða.

Kjör starfsmanna ársfundar

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir gerði tillögu um Þórunni Sveinbjörnsdóttur sem fundarstjóra á ársfundinum og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þórunn tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Jóhönnu Vilhelmsdóttur sem 1. varafundarstjóra og Þórunni S. Jónsdóttur sem 2. varafundarstjóra. Tillaga Þórunnar var samþykkt samhljóða.

Því næst gerði fundarstjóri tillögu um Tryggva Arnarson og Snæbjörn Sigurðarson sem skrifara.

Sem ritara fundargerðar ársfundar gerði hún tillögu um Ingvar Sverrisson. Tillögur fundarstjóra voru samþykktar samhljóða.

Halldór Grönvold minnti ársfundarfulltrúa á skemmtidagskrá á Broadway í kvöld. Húsið opni kl. 20:00 en borðhald hefjist kl. 20:30. Opið væri í miðasölunni hjá Broadway til kl. 14:00.

Efnahags- og kjaramál / 1. umræða og kynning

Grétar Þorsteinsson tók til máls og kynnti svohljóðandi drög að ályktun um efnahags- og kjaramál.

„Ársfundur Alþýðusambands Ísland gerir skýlausu kröfu til þess að launafólk fái réttláta hlutdeild í aukningu þjóðarverðmæta. Í komandi kjarasamningum verði því samið um launahækkanir sem tryggi aukinn kaupmátt.

Gerð kjarasamninga er viðfangsefni einstakra félaga og landssambanda. Ársfundurinn telur þó að það sé sameiginlegt verkefni okkar allra að vinna að launajafnrétti og sérstakri hækkun lægstu launa. Fundurinn telur jafnframt að í komandi kjarasamningum verði ekki undan því vikist að styrkja öryggisnet samninganna. Það verði m.a. gert með því að færa taxta að greiddu kaupi og með því að tryggja að fagleg starfsréttindi launafólks verði virt. Þannig verði tryggt að launafólk fái eðlileg og sanngjörn laun fyrir vinnu sína.

Ársfundur ASÍ telur mikilvægt að stjórnvöld komi sérstaklega til móts við lág- og millitekjufólk með aðgerðum í skatta-, velferðar- og

menntamálum. Mikilvægt er að sameiginlega verði unnið að útfærslu tillagna þar sem áhersla verði lögð á að skattalækkunum verði beint til þeirra tekjulægri, sérstakt átak verði gert í málefnum barnafjölskyldna og húsnæðismálum. Fundurinn leggur einnig áherslu á að bæta möguleika launafólks til frekari menntunar með því að allir eigi kost á öðru tækifæri til náms. Ársfundurinn leggur jafnframt áherslu á að unnið verði áfram að útfærslu á nýju fyrirkomulagi á veikinda-, slysa- og örorkubótarétti í samræmi við þær tillögur sem settar hafa verið fram.

Ársfundurinn gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau tryggi efnahagslegan stöðugleika með lágri verðbólgu, hóflegum vöxtum og stöðugu gengi. Reynsla liðinna ára sýnir okkur að án stöðugleika verður lítið úr þeim kjarabótum sem samið er um í kjarasamningum."

Grétar sagði ályktunina lagða fram í aðdraganda að fyrri umræðu um efnahags- og kjaramál og svo fari hún til efnahags- og kjaranefndar til frekari umræðu.

Ólafur Darri Andrason tók til máls og gerði grein fyrir hagspá hagdeildar ASÍ. Í máli hans kom fram að hagvöxtur hafi verið mjög mikill á undanförnum árum og mikil þensla í hagkerfinu. Það sé því engin sérstök vá fyrir dyrum þó dragi eitthvað úr hagvextinum á næstu árum. Hagvöxtur muni byggjast í auknum mæli á auknum útflutningi og nefndi hann þar áhrif af stækkun Norðuráls og byggingu Fjarðaráls fyrir austan í því sambandi. Hagspáin gerir ráð fyrir lítils háttar samdrætti í einkaneyslu en að hún muni aukast á ný árið 2009. Skýringin á þessu er að kaupmáttur ráðstöfunartekna mun dragast saman. Þá muni aðgengi fólks að lánsfé minnka miðað við tímabilið frá hausti 2004 fram á þetta ár, sem ásamt hækkandi greiðslubyrði lána muni draga úr neyslu. Greiðslubyrði af miklum lánum og vöxtum skili sér í afkomu heimilanna og muni því stærri hluti afkomunnar fara í að greiða afborganir og vexti af lánum. Einnig mun hægari fólksfjölgun draga úr heildareinkaneyslu. Í hagspá ASÍ er gert ráð fyrir auknu atvinnuleysi en þó ekki í líkingu við það sem við þekktum hér áður fyrr, ekki einu sinni árin 2002-2004. Verðbólga verður áfram mikil fram á árið 2008 og muni hún aukast frekar þegar áhrif matarskattslækkunarinnar hverfa úr mælingum Hagstofunnar í mars n.k. Ólafur Darri kvaðst gera ráð fyrir verðbólguskoti í kjölfar veikingar krónunnar á seinni hluta ársins 2008. Í kjölfarið muni verðbólgan hjaðna og verða orðin skapleg um mitt árið 2009. Hann vék síðan að umgjörð hagspárinnar. Þar kom fram í fyrsta lagi að erfitt sé á spá fyrir um gengi krónunnar. Gengið ráðist af mjög mörgum þáttum, þ.m.t. væntingum og geðshræringum á erlendum mörkuðum. Gengið ráðist þannig ekki lengur af stöðunni í undirstöðu atvinnugreinunum hér á landi, heldur af erlendum spákaupmönnum. Í öðru lagi munu fjárfestingar dragast mikið saman en aukast á ný árið 2009. Opinberir aðilar munu koma inn með auknar fjárfestingar en þær munu þó ekki vega upp á móti þeim samdrætti í stóriðjuframkvæmdum sem fyrirsjáanlegur er á Austurlandi. Hann tók fram að hagspá ASÍ geri ráð fyrir að framkvæmdir við álver í Helguvík hefjist á næsta ári. Í þriðja lagi sé óvissa um þróun vinnumarkaðarins. Niðurskurður á aflaheimildum, kólnun á byggingarmarkaði og lok stóriðjuframkvæmda á Austurlandi muni draga úr spennu á vinnumarkaði. Fækka mun lítillega á vinnumarkaði og atvinnuleysi aukast. Það sé hins vegar óljóst hvað erlendir félagar okkar munu gera við þessar aðstæður. Sumir munu fara til síns heima en aðrir dvelja hér áfram.

Ólafur Darri vék síðan máli sínu að stöðunni í kjaramálunum. Kjarasamningar stærstu stéttarfélaga á almennum markaði verði lausir nú um áramót en kjarasamningar margra félaga hjá hinu opinbera verða hins vegar lausir á vormánuðum. Það ríki því ákveðin óvissa um launaþróun á næstu árum. Samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands hækkuðu laun um 9,5% í fyrra en á sama tíma var verðbólga 6,8%. Kaupmáttur launa jókst því um 2,6%. Ólafur Darri sagði að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi vaxið mikið síðustu ár og á síðasta ári sé áætlað að hann hafi aukist um 8,5%, en til samanburðar jókst hann um 6,6% árið á undan. Það sé hins vegar ekki hægt að gera ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist jafn mikið á næstunni. Kemur þar m.a. til fækkun framkvæmda við mannvirkjagerð, niðurskurður

aflaheimilda ásamt minni umsvifum í hagkerfinu almennt. Í lok sinnar kynningar sagði Ólafur Darri að íslenskur vinnumarkaður væri á skikkanlegu róli fyrir miðju í alþjóðlegum samanburði. Við gætum gert betur en værum samt ágætlega sett.

Umræður

Að lokinni kynningu Grétars og Ólafs Darra gaf fundarstjóri fulltrúum þeirra sambanda og félaga sem fara með samningsumboð í næstu kjarasamningum orðið.

Kristján Gunnarsson formaður SGS tók til máls. Hann hóf mál sitt á því að taka undir ummæli varaforseta ASÍ um ræðu félagsmálaráðherra. Efni ræðunnar lofi góðu og blási verkalýðshreyfingunni vind í seglin. Hann sagði að Starfsgreinasambandið væri í óða önn að undirbúa sig fyrir komandi kjaraviðræður. Hann tók undir með forseta ASÍ og sagði góðan samhljóm vera um það markmið verkalýðshreyfingarinnar að hækka laun þeirra lægst launuðu meira en þeirra sem hærri laun hafa. Hann skynji stöðuna skýrt hvað það varðar. Á fundi formanna aðildarfélaga SGS í næstu viku verði dregnar saman þær áherslur sem félögin ætli að leggja í komandi kjarasamningum.

Kristján sagði að mikil áhersla væri lögð á það að samið verði um launahækkanir er tryggi bæði kaupmáttaraukningu og stöðugleika. Því verði þó ekki áorkað nema í þríhliða samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Hann sagði að stórefla þyrfti hið félagslega kerfi, barnabætur og aðra þætti þess. Kristján sagði jafnframt að á nýafstöðnu þingi SGS hefði verið lögð áhersla á að allt samfélagið sýni ábyrgð en ekki bara launafólk. Launafólk geti ekki eitt borið ábyrgð á stöðugleikanum. SGS gekk frá viðræðuáætlun 8. október s.l. og hefur hún verið afhent SA. SGS ráðgerir að kynna í lok október meginmarkið sín í komandi kjaraviðæðum. Þá verði einnig gengið frá skipulagi kjaraviðræðna. Kröfugerð SGS verði síðan kynnt formlega í nóvember og viðræður um launalið kjarasamninga hefjast í kjölfarið. Stefnt sé að því að viðræður um nýjan kjarasamning verði lok í desember.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir formaður LÍV sagði að Landsamband íslenskra verslunarmanna hafi staðið fyrir könnun meðal félagsmanna um afstöðu þeirra gagnvart komandi kjaraviðræðum. Þar hafi komi fram að áhersla sé lögð á að gera svipaðan kjarasamning og síðast en með sérstakri áherslu á hækkun taxta. Í könnuninni hafi komið fram að hlutfallslega fleiri utan höfuðborgarsvæðisins séu á taxtalaunum. Ingibjörg sagði frá því að ör fjölgun hafi orðið á erlendum starfsmönnum í verslunum en óvíst sé hvaða áhrif það muni hafa á launaþróun. Talsverð óánægja hafi komið fram með hið nýja eftirvinnuálag sem samið var um í síðustu kjarasamningum. Dæmi séu um að starfsmönnum í fullu starfi sé sagt upp og boðin 70% vinna í kjölfarið. Fólk vinnur síðan á eftirvinnuálagi á kvöldin og um helgar þar til það hefur skilað fullri vinnuskyldu miðað við fullt starf. Þá fyrst fari það á yfirvinnu. Þá sagði hún að borið hafi á því að félagsmenn úti á landi hafi ekki átt kost á sínu árlega launaviðtali eins og kveðið sé á um í kjarasamningi LÍV og aðildarfélaga þess. Auk þess hafi það staðið þessum launaviðtölum fyrir þrifum að fulltrúi atvinnurekanda hafi ekki haft vald þegar á reyndi til að ákveða launabætur. Fram kom í könnuninni að mikill launamunur er á milli verslana á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og úti á landi hins vegar. Þá er stytting vinnutíma hjá verslunarfólki ofarlega á baugi en hann sé víða orðinn óhóflegur. Ingibjörg sagði að lokum að LÍV taki þátt í sameiginlegum viðræðum aðildarfélaga ASÍ um endurskoðun veikindaréttarins og stofnun Áfallatryggingasjóðs.

Finnbjörn Hermannsson formaður Samiðnar sagði að undirbúningur fyrir kjaraviðræður hefðu hafist í haust með heimsóknum til aðildarfélaga sambandsins. Á fundi um síðustu helgi hafi áherslur fyrir komandi kjarasamninga verið ákveðnar. Höfuðáherslan sé lögð á kaupmáttaraukningu og hækkun lægstu launa félagsmanna. Finnbjörn ræddi einnig um innkomu erlendra launamanna á vinnumarkaðinn en þau mál blasi þannig við Samiðn að í þeim hópi séu menn með aðra menntun en þekkist hér á landi. Því miður hafi atvinnurekendur í of miklu mæli komist upp með það að ákveða í hvaða stéttarfélag þessir menn skuli settir og með því hafa þeir getað keyrt laun niður. Finnbjörn sagði að félögin verði að sammælast um að koma skikki á þessa

hluti og þannig að þau geti a.m.k. verið sammála um það í hvaða stéttarfélögum hinir erlendu starfsmenn eiga að vera. Hið sama gildi um íslenska vinnufélaga þeirra sömuleiðis, sbr. þær breytingar sem gerðar hafa verið á menntakerfinu í þágu ófaglærðs verkafólks með starfsreynslu á ákveðnum sviðum.

Finnbjörn sagði að þessi mál hafi legið þungt á Samiðn á undanförnum árum. Á síðasta vori hafi verið samþykkt lög á Alþingi um réttarstöðu erlends launafólks en í þau lög vanti hins vegar alveg ákvæði um starfsréttindi. Finnbjörn benti á að allar deildir í iðnnámi væru nú fullar og anni ekki eftirspurn markaðarins. Aukið fjármagn þurfi því til svo efla megi iðnnámið. Hann sagði jafnframt að bjóða yrði upp á endur- og eftirmenntun á dagvinnutíma en ekki aðeins á kvöldin og um helgar.

Finnbjörn vék síðan máli sínu að orlofsmálum og sagði að huga verði að breytingum á gildandi orlofsreglum með það að markmiði að aðlaga þær betur að breyttu umhverfi og lífsmunstri launafólks. Um endurskoðun veikindaréttar sagði Finnbjörn að Samiðn væri tilbúin að skoða þau mál áfram. Hann nefndi í því sambandi nýtt fyrirkomulag við tilkynningu veikinda sem ýmsir atvinnurekendur hafi tekið upp sem geri ráð fyrir því að veikindi séu ekki aðeins tilkynnt atvinnurekanda heldur einnig sérstökum þjónustuaðila sem hann vísi á. Halda verði áfram því starfi að jafna lífeyrisréttindi milli launafólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Þeirri kröfu yrði að fylgja harðar eftir. Þá kvaðst hann taka undir þær áherslur sem fram hafi komið í ræðu forseta ASÍ um almannatryggingar og húsnæðismál.

Að lokum sagði Finnbjörn að gengið verði frá viðræðuáætlun í næstu viku. Þá muni Samiðn taka þátt í óformlegum viðræðum innan iðnaðarmannasamfélagsins um ýmis sameiginleg mál. Samiðn mun jafnframt taka undir sameiginlega kröfugerð á vettvangi ASÍ í samræmi við samstarfssamning landssambanda og félaga með beina aðild.

Guðmundur Gunnarsson formaður RSÍ tók til máls og sagði að ítarleg launakönnun hefði verið gerð meðal félagsmanna RSÍ. Áherslur RSÍ í komandi kjaraviðræðum beindust að því að tryggja aukinn kaupmátt launa en án kollsteypu. Það liggi fyrir að ákveðinn hópur félagsmanna innan RSÍ þurfi að fá hækkun, einkum sá sem er á taxtalaunum. Tæpur helmingur félagsmanna er á samningum sem renna út á næsta ári en þar sé um að ræða menn á fastlaunasamningum. Guðmundir benti á að útvarpstjóri RÚV hafi nýverið gefið tónninn fyrir þær viðræður með verulegri launahækkun sér til handa. Hann hafi rökstutt þá hækkun með þeim orðum að hann vilji miða sig við markaðinn en síðan segir hann að starfsmenn RÚV eigi að vera á töxtum kjarasamninga.

Þá sagði hann frá því að um 100 manns hafi mætt á kjaramálaráðstefnu RSÍ fyrir rúmri viku síðan til að ræða launamálin. Fundarmönnum hafi verið tíðrætt um hagsmuni heimilanna, vaxtabætur, hagræðingu í velferðarkerfi, stöðuna á spítölum, leikskólum o.s.frv. Um ástandið á þeim sviðum vilji menn ræða betur enda bitnar skerðing á opinberri þjónustu mjög á heimilum landsmanna. Heimilin í landinu séu ekki undir það búin að taka að sér heilsugæslu eða aðhlynningu fólks sem með réttu á að vera á elliheimilum eða heilbrigðisstofnunum.

Sævar Gunnarsson formaður SSÍ sagði samninga sjómanna ekki lausa fyrr en 1. júní 2008. Sjómannsambandið, Félag Skipstjórnarmanna og VM hafa hitt LIU vegna aðkomu að fiskverði og mælingu fiskiskipa og Áfallatryggingasjóðs en sem stendur séu engar formlegar viðræður í gangi. Fundað verði um jól og áramót hjá öllum þessum félögum og undirbúningur þá hafinn fyrir samninga á vordögum.

Örn Friðriksson fulltrúi félaga með beina aðild tók til máls og sagði að sér hefði verið falið að gera grein fyrir stöðu mála hjá sjö landsfélögum með beina aðild að ASÍ en þau eru Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag Leiðsögumanna, Flugfreyjufélag Íslands, Mjólkurfræðingafélag Íslands, Félag bókagerðarmanna, MATVÍS og VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna.

Örn sagði þessi félög væru misjafnlega á veg komin í undirbúningi sínum fyrir komandi kjaraviðræður. Sum væru enn að kalla eftir viðhorfum frá félagsmönnum en

almennt hafi það seinkað öllum undirbúningi að upplýsingar opinberra stofnana hafa ekki legið fyrir í langan tíma og vísaði hann þar sérstaklega til kjararannsóknanefndar Hagstofunnar. Um sé að ræða lykiltölur sem menn vinna með í kjaraviðræðum og kallaði Örn eftir því að ASÍ fái þessar tölur í tíma. Það félag sem komið er lengst í samningaferlinu er Flugfreyjufélag Íslands en hjá því hófst undirbúningurinn strax í sumar. Félagið gerir þrjá kjarasamninga. Gengið hefur verið frá viðræðuáætlun og umboði samninganefndar og eru fyrstu fundir samningsaðila ráðgerðir á næstu dögum. Örn vék máli sínu síðan að stöðunni almennt í kjaramálunum. Hann sagði að standa verði vörð um stöðugleikann en einnig verði að tryggja launafólki vaxandi kaupmátt. Samningstíminn yrði að taka mið af óvissunni í efnahagsmálunum og komi þar til greina annað hvort stutt tímabil eða lengri samningur með öruggum endurskoðunarákvæðum. Bæta verði stöðu þeirra sem hafa verið afskiptir á yfirstandandi samningstímabili og hafa orðið fyrir skerðingu á kaupmætti. Einnig verði að huga að breytingum á skattkerfinu. Örn sagði að tryggja yrði að laun þeirra sem vinna iðnaðarstörf séu aldrei lægri en kjarasamningar fagfélaga kveða á um. Þá nefndi hann í þessu sambandi að Félag leiðsögumanna leggi þunga áherslu á löggildingu á starfi leiðsögumanna.

Hann lauk síðan máli sínu með umfjöllun um stöðu sjómanna á kaupskipum sem vinni margir hverjir á vegum dótturfélaga íslenskra fyrirtækja erlendis. Þeir haldi lögheimili sínu hér á landi en staða þeirra sé hins vegar mjög óviss gagnvart einstökum þáttum íslenska velferðarkerfisins, þ.m.t. ákveðnum bótaflokkum almannatrygginga, atvinnuleysistryggingum og fæðingarorlofi.

Guðrún Adolfsdóttir tók til máls og sagði frá bágum aðstæðum á hjúkrunarheimilum aldraðra. Hún sagði frá því hvernig búið væri að vistmönnum, sífellt væri verið að þrengja þeirra kost og vitnaði m.a. til greinar um það efni í tímariti hjúkrunarfræðinga. Í þeirri grein sé sagt frá því að kaffibrauð hafi verið tekið af borðum daglega en lélegt kaffibrauð um helgar komi í staðinn. Guðrún sagði að vistmenn spyrðu sig eðlilega af hverju þær ættu að koma fram úr herbergjum ef ekkert bíði þeirra frammi. Ástæðan sem stjórnendur gefa er að laun starfsmanna hafi hækkað svo mikið að þeir verði að skerða kostinn. Guðrún sagði að mál hafi þróast á þann veg að um 19 til 20.000 kr. munur væri á launum starfsmanna eftir því hvort unnið er í eldhúsi eða í aðhlynningu. Eldhústarfsmenn geti hins vegar ekki híft sig upp með kvöldvinnu. Sama gildi um þá sem vinna við skúringar. Starfsmenn í eldhúsi og ræstingarfólk sé með allægstu launin og þau verði að hífa upp.

Finnbogi Sveinbjörnsson tók til máls og sagði fyrirliggjandi drög að ályktun um kjaramál heldur þunna í roðinu. Nauðsynlegt væri að ársfundur ASÍ kvæði fastar að orði og kallaði hann eftir afdráttarlausri ályktun en engu hálfkáki.

Sigurður Bessason tók undir með lýsingu Guðrúnar á stöðunni á hjúkrunarheimilum. Því miður væru staða kvennastéttanna í dag sú sama og í upphafi síðustu kjarasamninga. Það sé nánast hamrað í stein að þær eigi að vera með lægstu kjörin og versta starfsumhverfið. Ekki megi heldur gleyma því að þessi staða hefur sín áhrif á sálarlífið. Sigurður sagði hækkun lægstu launa vera eitt af meginmarkmiðum í komandi kjarasamningum. Lyfta þarf upp þessum hópum eins og gert var 1997. Þetta sé eina leiðin til að finna varanlega lausn á viðvarandi manneklu í umönnunarstörfum.

Í könnun meðal félagsmanna Flóabandalagsins hafi komið fram skýr skilaboð um að hækka verði lægstu launin og það gert með þeim hætti að það leiði til kaupmáttaraukningar. Um 82% félagsmanna svöruðu því játandi að þeir sem eru með lægstu launin fengju sérstaka hækkun. Sigurður sagði stjórnvöld verða að axla ábyrgð á stöðugleikanum, ekki væri alltaf hægt að kalla launafólk eitt til ábyrgðar.

Að lokum sagði Sigurður að ákveðið slit hefði verið á milli hópa innan ASÍ í kaupmáttaraukningu á síðustu 4 árum. Lægst væri ræstingafólk, fólk sem sinnti umönnunarstörfum og leikskólaumhverfið en hér væri um hefðbundin kvennastörf að ræða. Sigurður fagnaði því sérstaklega að félagsmálaráðherra hafi komið hingað í dag og lofað að vinna í því að berja niður launamun karla og kvenna.

Signý Jóhannesdóttir sagði að hugarfarsbreytingar væri þörf. Það hafi komið skýrt fram í máli þeirra Sigurðar Bessasonar og Guðrúnar A. Adolfsdóttur. Fram kom hjá Signý að kjarasamningar opinberra starfsmanna væru lausir 31. mars 2008 og kjarasamningur SGS og launanefndar sveitarfélaganna þann 31. nóvember 2008.

Signý sagði verðmætamatið í samfélaginu brenglað. Eins og mál hafi þróast á undanförnum árum mætti halda að auðurinn í okkar samfélagi væri allur samankominn í bönkunum. Sú sé hins vegar ekki raunin. Okkar auður sé mannauðurinn og hann þurfi að meta rétt. Mikið sé talað um skort á fólki í umönnunarstörf til að gæta barna, aldraðra og sjúkra. Það séu konur í langflestum tilvikum sem vinna þau störf og hvers vegna skyldi það vera. Ástæðan væri sú að þær kunna að meta mannauðinn og meti það meira að annast fólk en fé.

Signý sagði að um 10.000 manns væri innan sviðs opinberra starfsmanna hjá SGS. Sá hópur væri aðallega skipaður konum í umönnunarstörfum. Á næstu vikum og mánuðum verði unnið kröftuglega að því að breyta hugafari manna gagnvart þessum stóra hópi félagsmanna SGS með það að markmiði að ná fram verulegum kjarabótum.

Að lokum minnti Signý á að þrátt fyrir að félagsmálaráðherra og aðrir sterkir forystumenn í samfélaginu vilji vel þá sé enn verið að skera niður í kjörum og aðbúnaði gamla fólksins eins og Guðrún Adólfsdóttir hafi bent á.

Hádegishlé *var gert kl. 12:35. Fundi var síðan fram haldið kl. 13:35*

Rannveig Sigurðardóttir tók til máls. Hún benti á að við gerð síðustu kjarasamninga hafi slysatryggingar launþega verið settar á bið, þ.e. með því að setja inn sérstakt endurskoðunarákvæði í þá samninga. Að hennar mati hafi vinnan við endurskoðunina hafist of seint til að hægt væri að ljúka málinu í tíma. Áfram hafi þó verið unnið að málinu á vettvangi ASÍ. Jöfnuður eigi almennt að ríkja á vinnumarkaðinum, sérstaklega þegar kemur að slysatryggingum launþega. Launafólk sé jafnmikilvægt hvort sem það er á hinum almenna vinnumarkaði eða hjá ríki eða sveitarfélögum. Máli sínu til stuðnings brá Rannveig upp á tjald töflu þar sem munur á réttindum, þ.m.t. bótafjárhæðum, þessara tveggja hópa kemur fram. Sagði hún nauðsynlegt fyrir vinnuna í nefndum ársfundar að hafa þetta ofarlega í huga.

Ólafur Pétursson sagði að lengi hafi verið talað um að hækka eigi lægstu launin. Lagði hann áherslu á að hafa kröfugerðina einfalda og að menn stæðu við hana. Þá sagði hann til álita koma að hafa samninga stutta og jafnvel bara til eins árs.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir tók til máls. Hún vísaði til reynslu sinnar af kjarabaráttu launafólks frá 1981 og sagði að konur væri ávalt á föstum töxtum og nytu hvorki yfirborgana né launaskriðs. Sú staða hafi oft komið upp að kjarasamningur sem hafi þótt góður við undirritun væri kominn í vanda innan árs. Það væri því nauðsynlegt að hafa öryggisnet í kjarasamningum. Í því sambandi minnti hún á að í dag gengi mjög illa að fá fólk í umönnunarstörf fyrir börn, aldraða og sjúka sem væri óþolandi staða.

Fundarstjóri vísað málinu til frekari umfjöllun í efnahags- og kjaranefndar

Ísland og norræna velferðarsamfélagið / 1. umræða og kynning

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir tók til máls og flutti eftirfarandi ræðu:

> *„Hnattvæðingin og áhrif hennar á launafólk var helsta viðfangsefni síðasta ársfundar ASÍ. Þar var meðal annars fjallað um það með hvaða hætti verkalýðshreyfingin gæti best varist ógnunum hnattvæðingar en einnig nýtt þau tækifæri sem henni fylgja.*

Mikilvægt er að fylgja þeirri umfjöllun og niðurstöðum ársfundarins eftir með því að skýra enn frekar sýn okkar á það samfélag, þann vinnumarkað og þau réttindi launafólks sem við viljum stefna að á næstu árum og áratugum.

Staðreyndir sýna að norræn samfélög sem byggja á velferðarhugsjón verkalýðshreyfingarinnar skapa íbúum sínum mesta almenna velferð og lífsgæði.

Þau eru um leið þau samfélög sem best eru búin undir framtíðina og þá samkeppni sem fylgir hnattvæðingunni svo og þær áskoranir og tækifæri, sem hún felur í sér.

Það er sama hvernig á það er litið - velferðin borgar sig.

Til að geta tekist á við framtíðina þurfum við því samfélag, sem byggir á öflugu og virku velferðarkerfi, góðri menntun fyrir alla, jöfnuði, jafnrétti og traustum réttindum launafólks.

Það er viðurkennt að það næst bestur árangur fyrir launafólk og allt samfélagið með vel skipulögðum vinnumarkaði með sterkri verkalýðshreyfingu. Vinnumarkaði þar sem ríkir traust milli aðila og gagnkvæmur vilji er til að takast á við og leysa viðfangsefni. Þar sem ákvarðanir um kaup og kjör eru teknar í samningum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda og þeim fylgt eftir í framkvæmd.

Alþýðusambandið hefur í starfi sínu á undanförnum árum lagt mikla áherslu á að treysta stoðir velferðarkerfisins. Markmiðið er að búa íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn og launafólk undir framtíðina og það hefur margt áunnist.

Þrátt fyrir það er ljóst að enn skortir mikið á að velferðakerfið tryggi öllum þau lífsgæði sem við gerum kröfur um. Traust og víðtækt velferðarkerfi er öflugasta verkfærið sem þekkist til að útrýma misrétti og fátækt, jafna aðstöðu fólks og auðvelda því að nýta tækifæri sín óháð efnahag. Um leið er það mikilvæg forsenda sáttar og samstöðu ólíkra þjóðfélagshópa.

Þannig velferðarkerfi viljum við sjá á Íslandi - réttlátt og sanngjarnt. Kerfi sem gerir fólki kleift að halda virðingu sinni og trúnni á sjálft sig og samfélagið, þegar á móti blæs.

Alþýðusamband Íslands hefur einsett sér að byggja á þeim árangri sem náðst hefur og gera enn betur. Forsenda þess er að hér takist að koma aftur á jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum. Farsæl og varanleg niðurstaða kallar á samstarf og nána samvinnu samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda um langtímasýn um samþætta stefnu í efnahags-, atvinnu-, félags- og umhverfismálum.

Það er í þessu ljósi sem ákveðið var að viðfangsefni ársfundar ASÍ nú yrði norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðskerfið. Tilgangurinn er að við sameiginlega greinum hvar íslenskt samfélag stendur samanborið við það sem best gerist annars staðar. Hvar við stöndum vel að vígi og hverjir eru helstu veikleikar velferðarkerfisins okkar.

Markmiðið er að þróa íslensku leiðina byggða á norræna líkaninu og tryggja að íslenskt velferðarsamfélag verði í fremstu röð.

Á undanförnum mánuðum hafa málefnanefndir á vettvangi Alþýðusambandsins undirbúið umfjöllunina um norræna velferðarkerfið og vinnumarkaðsmódelið fyrir ársfundinn. Upplegg þeirra liggur fyrir í hefti sem dreift hefur verið á fundinum og efnistökin endurspegla þær áherslur sem lagðar hafa verið í þeirri vinnu.

Áhersla er lögð á að þekkingarsamfélagið og öflugt menntakerfi er sá grunnur sem byggja þarf á. Þá er fjallað sérstaklega um stöðu

velferðarsamfélagsins almennt og helstu verkefni sem við stöndum frammi fyrir í þeim efnum. Að lokum er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem snúa að því að styrkja vinnumarkaðinn og treysta stöðu verkalýðshreyfingarinnar og réttindi launafólks. Hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir hverjum þessara þátta.

Markmið okkar er skýrt: Íslensk velferð í fremstu röð."

Guðmundur Gunnarsson formaður menntanefndar ASÍ tók til máls. Hann sagði að lögð hafi verið áhersla á að tryggja góða menntun launafólks, þ.m.t. iðnaðarmanna, er væri byggð á traustum grunni. Jafnframt hafi aðilar verið sammála um mikilvægi þess að tryggja góðan aðgang launafólks að símenntun alla starfsævina. Guðmundur velti því hins vegar upp hvað væri í raun að gerast úti á vinnumarkaðinum. Þar væri eitthvað annað upp á tengingnum. Verkalýðshreyfingin hafi sett sér háleit markmið og haldið ráðstefnur um hvernig ná mætti frekari árangri á þessu sviði. Á sama tíma stæði sumum okkar á sama um að erlent launafólk með iðnmenntun sé sett á 850 kr. tímakaup. Kvaðst Guðmundur hafa horft upp á það að 20 portúgalskir smiðir, með nokkurra ára nám að baki, hafi verið settir á það kaup. Hvaða rök ætla menn að setja fyrir kröfum um verulegar kauphækkanir fyrir eigin félagsmenn ef iðnaðarmenn eru settir á almennt dagvinnukaup verkamanna.

Þorbjörn Guðmundsson formaður velferðarnefndar ASÍ hóf mál sitt á því að rifja upp atvik á Þingvöllum þar sem séra Heimir Steinsson heitinn hafi komið við sögu. Í samtalið þeirra hafi Heimir lýst þeirri skoðun sinni að Norðurlandaþjóðunum hefði tekist hvað best í að framfylgja áherslum Jesú og það með velferðarkerfinu. Þorbjörn rifjaði það einnig upp að annar höfðingi, leiðtogi social demókrata í Sviðþjóð, Ingvar Karlsson hefði lýst hinu norræna velferðarkerfi sem fimm systkinum. Þau ættu sinn sameiginlega uppruna en hefðu hins vegar farið hvert sína leið. Í grunninn gengju þau þó út frá sömu forsendu.

En hvað gerir norrænu leiðina öðru vísi. Þar komi nokkrir þættir við sögu. Hlutverk ríkis og sveitarfélaga sé mikið og byggi velferðarkerfið á jöfnuði og rausnarlegri félagslegri vernd. Einnig sé lögð áhersla á virkar vinnumarkaðsaðgerðir til að treysta stöðu fólks á vinnumarkaði. Velferðar- og heilbrigðismál eru fjármögnuð með sköttum og þjónustugjöld eru ekki mjög há. Kerfið byggi einnig á öflugri verkalýðshreyfingu og réttindum sem eru bundin í kjarasamningum og lögum. Verkalýðshreyfingin er sterk og nátengd jafnaðarmannaflokkum Norðurlanda. Tekjuskipting er tiltöluleg jöfn í samanburði við önnur lönd hvort sem litið er til atvinnutekna eða ráðstöfunartekna. Þá sé jafnrétti kynjanna grundvallar markmið í norræna velferðarkerfinu.

Þorbjörn sagði ýmsar hættur steðji að norræna velferðarkerfinu m.a. vegna alþjóðavæðingarinnar. Um leið væru ákveðin tækifæri í stöðunni. Í alþjóðlegum samanburði þá stæði norræna velferðarsamfélag vel. Stöðugleiki væri grundvallaratriði ef við eigum að standa vörð um kerfið til framtíðar. Í því sambandi þurfi að gera sér grein fyrir því að störf og atvinnugreinar muni hverfa úr landi ef við erum ekki samkeppnisfær. Það sé hins vegar ekki markmið okkar að keppa í launum við láglaunalöndin. Á móti eigum við að leggja áhersla á atvinnugreinar sem geta skapað góð störf og greitt góð kjör. Þorbjörn sagði einnig að nýtt umhverfi kalli á að verkalýðshreyfingin starfi þvert á landamæri ríkja. Sú regla gildir í dag á vettvangi stjórnmálanna og ekki síður fyrir verkalýðshreyfinguna.

Þorbjörn sagði mikilvægt að tryggja áhrif verkalýðshreyfingarinnar á mótun stefnunnar hér á landi í velferðarmálum.

Tillaga velferðarnefndar er að lágmarks upphæð í velferðarkerfinu verði 150.000 kr. Það verði gólf sem gildi um alla bótaflokka. Upphæðin sé lág en skoða verði hana í samhengi við lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambandsins sem eru 125.000 kr. í dag. Þá eru grunnatvinnuleysisbætur um 114.000 kr. og lágmarksellilífeyrir með tekjutryggingu og heimilisuppbót um 126.000 kr.

Þorbjörn vék síðan máli sínu að stöðunni á húsnæðismarkaðinum. Hann sagði að mál hafi þróast þannig á undanförnum árum að vaxandi hópur launafólks eigi þess ekki kost að kaupa húsnæði og gildi svipuðu máli á leigumarkaðinum. Hafi það verið mikil mistök að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið. Þorbjörn sagði að um 1.700 manns væru á biðlista hjá Öryrkjabandalaginu. Þessi hópur ætti enga möguleika á að kaupa eða leigja húsnæði. Verkalýðshreyfingin þurfi að svara því hvernig hún vilji sá framtíð húsnæðiskerfisins. Velferðarnefndin leggi áherslu á að einfalda og efla núverandi húsaleigu- og vaxtabótakerfi og taka upp húsnæðisbótakerfi. Tryggja verði þeim sem ekki hafa fjárhagslega getu til að eignast eða leigja á almennum markaði, húsnæði á viðráðanlegum kjörum m.a með því að sveitarfélög auki framboð sitt á félagslegu leiguhúsnæði.

Verkefnið til framtíðar er að viðhalda og þróa velferðarkerfið þar sem atvinnuþátttaka er eftirsóknarverð en um leið sé tryggt að þeir sem tímabundið eða varanlega lenda utan vinnumarkaðarins búi við fjárhagslegt og félagslegt öryggi. Í þeirri vinnu verðum við að leggja áherslu á jöfn tækifæri, hjálp til sjálfsbjargar og virðingu fyrir einstaklingum.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir annar talsmaður velferðarnefndar tók til máls og sagði að henni og Þorbirni hefði verið falið að undirbúa málið fyrir velferðarnefndina. Í upphafi síns máls vakti hún athygli ársfundar á tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem samþykkt var á Alþingi sl. vor. Skoraði hún á ársfundarfulltrúa að kynna sér efni hennar.

Þórunn sagði að fulltrúar velferðarnefndar hefðu fundað með ýmsum aðilum til að afla upplýsinga um stöðu mála, m.a. hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Nefndin hafi orðið margs áskynja um stöðu foreldra og barna í dag. Þar hafi húsnæðismálin verið efst á baugi. Einstæðir foreldrar væru í gríðarlegum vanda enda oft lægst launaði hópurinn. Hún nefndi einnig stöðu þeirra barna sem flytjast milli skóla og eru með mikla félagslega erfiðleika og vanlíðan í farteskinu. Staða foreldra langveikra barna hafi einnig verið skoðuð. Fram hafi komið að mikill skortur sé á úrræðum ekki aðeins fyrir langveik börn heldur einnig fyrir börn með ofvirkni. Mikið hafi verið kvartað yfir núgildandi lögum, gildistöku þeirra og lágum bótafjárhæðum. Dýr lyf fyrir börn valda fjölskyldum oft erfiðleikum. Skýringin sé vafalaust sú að samkeppni á lyfjamarkaði sé engin. Einnig sé verulegur skortur á heimilislæknum. Komið hafi fram að talsverð óvissa er um rétt foreldra til endurgreiðslna vegna tannlæknakostnaðar barna. Tannlæknar séu með eina verðskrá en Tryggingastofnun ríkisins með aðra. Þá sé staðan sú að um 25% barna fari ekki til tannlæknis en þar erum við dragast aftur úr hinum Norðurlöndunum. Einnig glímum við, við mjög mikla sykurneyslu. Þórunn sagði velferðarnefndina vilja sjá ákveðnar breytingar á tekjutengingum í barnabótakerfinu.

Staða barna af erlendum uppruna hafi einnig verið skoðuð. Víða væri unnið frábært starf við móttöku erlendra barna. Það væri hins vegar umhugsunarefni að ungt fólk af erlendum uppruna sækir ekki framhaldsnám en sérstakur starfshópur á vegum stjórnvalda er að skoða þau mál. Meðal ástæðna fyrir þessari stöðu er að hópurinn finnur fyrir vanmætti sínum hvað varðar íslenskukunnáttu.

Fjallað var um heilsueflingu barna en margar rannsóknir hafa sýnt að hreyfing barna er minni en áður. Margt gott starf er þó unnið á þessu sviði sem þurfi að styðja við og efla. Einnig verði að takast á við þau vandamál sem upp koma í samskiptum barna og foreldra sem má rekja til of langs vinnutíma. Setja verði fjölskylduna í fyrsta sæti.

Ísland og norræna vinnumarkaðsmódelið / 1. umræða og kynning

Úlfhildur Ragnarsdóttir tók til máls og flutti eftirfarandi ræðu:

„Norræn velferðarsamfélög byggja á grundvallarviðhorfum og arfleifð verkalýðshreyfingarinnar. Reynslan sýnir að þau hafa skapað íbúum sínum mesta velferð og lífsgæði meðal þjóða heims.

Forsendur fyrir árangri verkalýðshreyfingarinnar við að móta og þróa velferðarsamfélagið eru tvíþættar:

Annars vegar skipulag og samskipti á vinnumarkaði. Hins vegar þau réttindi sem byggð hafa verið upp á vinnumarkaði. Saman mynda þessir þættir norræna vinnumarkaðsmódelið.

Skipulag og samskipti á vinnumarkaði á Norðurlöndunum er ekki allsstaðar eins. Það eru þó nokkrir mikilvægir þættir sem eru sameiginlegir og greina Norðurlöndin um leið frá flestum öðrum samfélögum.

Verkalýðshreyfingin er hvergi jafn vel skipulögð og öflug og á Norðurlöndunum og stendur hvergi á jafn traustum grunni. Hún er óumdeildur málsvari launafólks gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. Samtök atvinnurekenda eru einnig vel skipulögð og öflug og eru viðurkennd bæði af stjórnvöldum og verkalýðshreyfingum sem samningsaðilar.Á vinnumarkaði einkennast samskipti aðilanna af löggjöf og reglum um samskipti, samninga og lausn ágreiningsmála sem samstaða er um. Aðilar vinnumarkaðarins hafa axlað sameiginlega ábyrgð á vinnumarkaðinum. Þeir hafa saman stuðlað að vexti og viðgangi efnahagskerfisins og þróunar atvinnulífsins og með öðru lagt grunninn að þróun atvinnuhátta og þekkingarsamfélaginu.

Stjórnvöld viðurkenna að aðilar vinnumarkaðarins gegni og eigi að gegna mikilvægu hlutverki á vinnumarkaði og við uppbyggingu og þróun atvinnulífsins og samfélagsins almennt.

Það er óumdeilt að norræna vinnumarkaðsmódelið hefur skilað miklum árangri fyrir launafólk, atvinnulífið og samfélagið allt.Launakjör eru almennt með því besta sem þekkist, jöfnuður og jafnrétti meira en víðast hvar annars staðar og launafólk hefur meiri réttindi og afkomuöryggi. Um leið eru Norðurlöndin í fremstu röð þjóða þegar kemur að samkeppnishæfni samfélags og atvinnulífs á tímum hnattvæðingarinnar.

Danmörk hefur vakið sérstaka athygli fyrir árangur við að ná niður atvinnuleysi og efla atvinnulíf um leið og tekist hefur að verja kjörin. Danska módelið hefur verið kallað „Sveigjanleiki–með–öryggi" vinnumarkaðsmódelið (e. Flexicurity).Sveigjanlegur vinnumarkaður felur í sér sveigjanleika og hæfni atvinnulífsins og einstaklinganna til að mæta breytingum og takast á við ný og ögrandi verkefni. Öryggi felur í sér öflugt velferðarkerfi á vinnumarkaði. Á meðan einstaklingur er án atvinnu er fjárhagsleg afkoma hans tryggð með öflugu velferðarkerfi. Þar gegna atvinnuleysis- og áfallatryggingar lykilhlutverki.

Til að aðstoða einstaklinginn út á vinnumarkaðinn aftur til sömu eða nýrra starfa er öflugt kerfi virkra vinnumarkaðsaðgerða lykilatriði.

Bent hefur verið á að „Sveigjanleiki-með-öryggi" módelið hvílir á þremur mikilvægum stoðum:

- *Öflugu kerfi samskipta aðila vinnumarkaðarins sem byggja á gagnkvæmu trausti og styrkum grunni og eru lausnarmiðuð. Þar sem kjarasamningar eru meginreglan. Þar sem samningar geta verið allt í senn, á heildarplani, í einstökum starfs- og atvinnugreinum og á fyrirtækjagrunni.*
- *Öflugu samfélagslegu menntakerfi þar sem áhersla er á góða grunnmenntun og menntun alla ævina þar sem fjárfest er í nýsköpun.*
- *Öflugu velferðarkerfi fyrir alla þar sem engir hópar eða einstaklingar eru útlokaðir.*

Íslensk verkalýðshreyfingin hefur lagt ríka áherslu á að bæta kjörin og treysta stoðir velferðarkerfisins. Um leið er markmiðið að búa íslenskt samfélag, vinnumarkað og launafólk undir framtíðina.

Margt hefur áunnist með starfi verkalýðshreyfingarinnar á síðustu árum. Knúið hefur verið á um löggjöf og samninga sem styrkja íslenskan vinnumarkað almennt og treysta velferðarkerfið á vinnumarkaði.

Þrátt fyrir að margt hafi áunnist með starfi verkalýðshreyfingarinnar höfum við mikið verk að vinna. Það gildir bæði um skipulag og samskipti á vinnumarkaði og réttindi og kjör launafólks.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að byggt verði á því besta úr norræna vinnumarkaðsmódelinu um leið og það er lagað að íslenskum aðstæðum. Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á samráð og samskipti samtaka launafólks og samtaka atvinnurekenda, einnig samráð og samskipti aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Skapa verður fastan ramma um inntak og fyrirkomulag slíks samráðs.Markmið með slíku samráði er m.a. að skapa skilyrði fyrir jafnvægi í íslensku efnahags- og atvinnulífi og móta sameiginlega sýn um stefnu í atvinnu- og félagsmálum sem hefur að markmiði að skapa næg og góð störf og öflugt velferðarkerfi á vinnumarkaði þar sem allir geta verið virkir þátttakendur. Mikilvægt er að Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess móti skýra sýn um starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Um leið þarf að treysta stöðu og hlutverk trúnaðarmannsins.

Helstu úrlausnarefni varðandi réttindi launafólks í starfi varða eftirtalda þætti:

- *Vinna gegn og uppræta launamun kynjanna. Kerfisbundin mismunun kynjanna gagnvart launum gengur þvert gegn grundvallargildum norræna vinnumarkaðsmódelsins og gegn jöfnuði og jafnrétti.(fskj.5 minnisbls.26*
- *Vinna gegn mismunun gagnvart útlendu launafólki og félagslegum undirboðum á vinnumarkaði. Slík mismunum og undirboð vega að sjálfum grunni þess fyrirkomulags og þeirra réttinda sem byggt hefur verið upp á vinnumarkaði.*
- *Bæta réttindi launafólks í veikinda- og slysatilvikum til að tryggja betur fjárhagslega afkomu launafólks sem forfallast tímabundið frá vinnu.*
- *Innleiða grundvallarreglur ILO samþykktar 158 um rétt launafólks vegna uppsagna.*
- *Bæta „gæði lífsins í vinnunni" með umbótum á sviði vinnuverndar í víðasta skilningi.*

Mikilvægt er að fylgja eftir þeim umbótum sem gerðar hafa verið og auðvelda fyrirtækjum og einstaklingum að mæta breytingum í atvinnulífi og samkeppnisumhverfi og nýta þau tækifæri sem bjóðast. Fylgja þarf eftir markmiðum laga um vinnumarkaðsaðgerðir og tryggja að einstaklingar sem standa höllum fæti á vinnumarkaði eða hafa misst vinnuna vegna breyttra atvinnuhátta eða af öðrum ástæðum fái nýtt starf við hæfi. Byggja þarf upp og þróa öflugt einstaklingsmiðað kerfi sem byggir á ráðgjöf, raunfærnimati, starfsmenntun, starfsendurhæfingu og starfsþjálfun eftir því sem við á í hverju tilviki fyrir sig. Markmiðið er að auðvelda sem flestum að vera virkir á vinnumarkaði. Auka þarf fjármuni og möguleika launafólks til símenntunar og til að sækja sér náms- og starfsráðgjöf.Stefna þarf að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar, hækka grunnbætur og auka frekar tekjutengd réttindi til atvinnuleysisbóta. Lengja ber fæðingarorlof og bæta réttindi foreldra á vinnumarkaði. "

Jóhannes Kristjánsson steig í pontu og fór með gamanmál við góðar undirtektir.

Stefán Ólafsson prófessor frá Háskóla Íslands tók til máls og flutti erindi sem bar heitið „Íslenska velferðarríkið og verkalýðshreyfingin".

Hann kvaðst ætla að lýsa í stuttu máli markmiðum og einkennum velferðarríkja og skoða íslensku leiðina í því samhengi, þ.m.t. hvaða áhrif launþegahreyfingarnar hafa haft á þessu sviði.

Stefán sagði markmið velferðarríkisins vera margþætt. Í fyrsta lagi að tryggja öllum viðunandi framfærslutryggingar vegna sjúkdóma, örorku, elli, barneigna, ómegðar, atvinnuleysis og menntunar. Í öðru lagi að jafna tækifæri fólks og þá einkum í því formi að jafna kjör milli stétta, veita aðgengi að heilsugæslu, menntun og félagsþjónustu óháð efnahag. Í þriðja lagi að minnka fátækt með því að bæta hag þeirra verst settu með tekjutilfærslum milli hópa í samfélaginu. Í fjórða lagi væri markmið velferðarsamfélagsins að bæta samfélagið, uppeldisskilyrði barna, draga úr afbrotum, nýta betur mannauð samfélagsins, auka þátttöku almennings í samfélaginu og vinnu, allt í þeim tilgangi að auka virkni allra þegna samfélagsins og treysta undirstöður þess.

Fram kom hjá Stefáni að Vesturlönd hafa farið ólíkar leiðir í þróun sinna velferðarkerfa en almennt er talað um þrjár meginleiðir í því samhengi.

Bandaríska leiðin feli í sér lágmarks velferðarríki þar sem lítil áhersla er lögð á uppbyggingu opinberrar velferðarforsjá. Kerfið hafi lítil áhrif á samfélagið og samfélagsgerðina. Í Bandaríkjunum vilji menn frekar fara leið markaðarins og hafa byggt upp það sem kalla má velferðarkerfi fyrirtækja. Bandaríkjamenn búi við ellilífeyriskerfi sem sé þó aðeins skugginn af því sem dæmigerðast er fyrir Evrópu.

Þýska leiðin er elst og ríkjandi í Evrópu en þau lönd sem tilheyra þeirri hefð eru einkum Þýskaland, Ítalía, Frakkland og Spánn. Í þessu kerfi eru réttindi fólks til velferðarframfærslu, bóta og þjónustu mikið atvinnutengt í grunninn og bætur því mjög háðar tekjum fólks. Þannig sé réttur til lífeyrisbóta ákveðið hlutfall af fyrri tekjum. Í Þýskalandi hafi meðaltekjufólk og launafólk með hærri tekjur góðar lífeyristekjur. Lægri tekjuhópar séu hins vegar með lakari lífeyri. Stefán sagði þetta kerfi eiga í hvað mestum erfiðleikum í dag. Það sé mjög þungt í vöfum og skýri að hluta til af hverju Þýskalandi hafi ekki tekist vel upp í að byggja upp sveigjanleika í atvinnulífinu.

Skandínavíska leiðin byggir á því að velferðarréttindi séu borgarleg réttindi allra. Gæði réttindanna séu mikil og fullnægjandi fyrir alla tekjuhópa. Hátekjuhópar verði því að sætta sig við opinbera þjónustu. Markmiðið með þessu fyrirkomulag er að tryggja góð gæði fyrir alla. Hættan er hins vegar sú að hærri tekjuhópar sæki í einkaþjónustu og þá sé opinbera kerfið látið drabbast niður.

Stefán rakti síðan alþjóðalega þróun í útgjöldum til velferðarmála. Á þeim lista væri Ísland frekar neðarlega, en á því væri sú skýring að við erum ung þjóð sem ynni lengur og færi því seinna á eftirlaun en slíkt sparar útgjöld o.fl. Íslandi hefur hins vegar færst upp þennan lista á undanförnum árum sem skýrist af því að við komum seinna inn en aðrar þjóðir. Útgjöld á Íslandi til velferðarmála í dag eru um 23% af vergri landsframleiðslu en stærstur hluti útgjaldanna fer til heilbrigðismála en minna til ellilífeyrismála. Útgjöld til örorkumála fara hins vegar vaxandi.

Stefán vék máli sínu því næst að þeim þáttum sem einkenna íslenska velferðarkerfið. Hann sagði að velferðarþjónustan hér á landi væri svipuð og á öðrum Norðurlöndum og nefndi í því sambandi ríkisspítalana og almenna heilsugæslu, ríkisskóla og hið opinbera húsnæðiskerfi, dagvistun barna á vegum sveitarfélaganna og félagsþjónustuna. Almannatryggingakerfið sé hins vegar undir engil-saxneskum áhrifum. Bætur væru lágar og tekjutengingar miklar. Á því sviði höfum við gengið of langt. Kerfið væri fátækramiðað frekar en að um borgararéttindi sé að ræða. Þá væru jöfnunaráhrif skatta og velferðarkerfis minni en á hinum Norðurlöndunum. Stefán

sagði hins vegar að launþegahreyfingin ætti stærri hlut í að skapa jöfnuð í samfélaginu og nefndi þar sérstaklega lífeyrissjóðina.

Stefán fjallaði síðan um hvað skýri þær ólíku leiðir sem vesturlönd hafa farið við mótun sinna velferðarkerfa. Í Bandaríkjum sé mikil fátækt en ríkið sé engu að síður mjög ríkt. Launþegahreyfingin þar í landi sé mjög veik með einungis milli 12-13% launafólks innan sinna vébanda. Hún hafi því haft mjög litið áhrif á það hvernig velferðarríkið hefur þróast þar í landi. Staðan hafi vissulega verið önnur á fyrstu áratugum síðustu aldar á tímum Roosevelt og New Deal. Í dag ríki hins vegar mikil íhaldssemi og andstaða við ríkisforsjá.

Á Norðurlöndum hafi velferðarkerfið verið undir öflugum áhrifum frá launþegahreyfingunni. Jafnaðarmenn hafa verið ráðandi í stjórnmálum og unnið náið með verkalýðshreyfingunni. Í velferðarkerfinu endurspeglist alþýðlegt hugarfar íbúanna um samhug með þeim sem standi höllum fæti.

Á Íslandi hafi launþegahreyfigin einnig verið mjög sterk. Má segja að hún haft meiri þýðingu hér landi þar sem áhugi á uppbyggingu velferðarkerfisins hafi verið töluvert minni hér meðal stjórnmálamanna en á hinum Norðurlöndum. Atvinnulífið hafi verið í fyrirrúmi og þegar séð hafi verið fyrir hagsmunum þess mátti huga að velferðinni. Bætur hafi verið ákveðnar lágar til að draga úr eftirsókn. Launþegahreyfingin hafi skilað því sem vantað hafi í stjórnmálin og gegnt mikilvægu hlutverki við uppbyggingu velferðarkerfisins.

Stefán vék síðan máli sínu að því hver væru almennt helstu markmið launþegahreyfingarinnar. Markmiðin væru einkum þau að tryggja samningsrétt launafólks, kauphækkanir, styttingu vinnutíma og bætingu annarra starfskjara. Verkalýðshreyfingin beiti sér einnig fyrir þjóðfélagslegum réttlætismálum eins og jöfnuði til að tryggja að allir njóti hagvaxtarins, framfaramálum og stöðugleika. Um árangur íslenskrar verkalýðshreyfingar sagði Stefán að henni hafi tekist mjög vel að tryggja samningsrétt launafólks en stórri og öflugri hreyfingu fylgja einnig hættur einkum þær að menn missi neistann. Markmið um hækkun launa hafi náðst einkum með þjóðarsáttasamningum sem tryggðu stöðugleika og kaupmátt. Laun séu hér svipuð og á hinum Norðurlöndunum en vinnutíminn hins vegar lengri.

Íslenska velferðarríkið væri hugsanlega álíka veikburða og er í Bandaríkjunum eða Kanada ef ekki hefði notið við launþegahreyfingarinnar. Stefán sagði hins vegar að launþegahreyfingin hafi sofnað á verðinum í skattamálunum. Hér hafi verið búið í haginn hvað varðar skatta á hátekjumenn og skattar á fyrirtæki væri hvergi lægri. Um leið hefði skattbyrði almennings stórhækkað, mest hjá láglaunafólki

Um velferðarkerfi verkalýðshreyfingarinnar sagði Stefán að lífeyrissjóðakerfið væri stórkostlegt afrek og mikið farsældarspor. Taldi hann upp almannatryggingar, hið félagslega húsnæðiskerfi, atvinnuleysistryggingar, sjúkrasjóði stéttarfélaga og nú síðast umræður um stofnun svokallaðs Áfallatryggingasjóðs.

Í lok síns erindis dró Stefán saman helstu niðurstöður sínar og sagði að stoðir íslenska velferðarkerfisins væru bæði í opinbera geiranum og einkageiranum þ.e. í hinu félagslega kerfi sem stéttarfélögin hafa byggt upp á undanförnum áratugum. Almannatryggingar tryggja öllum lágmarkskjör og jafna tekjuskiptinguna í samfélaginu. Lífeyrissjóðir tryggja vinnuaflinu lífeyriskjör, um 56% fyrri tekna og viðhalda tekjuskiptingunni að mestu. Séreignasparnaður tryggi auknar lífeyristekjur, þ.e. hjá þeim sem spara og gerir tekjuskiptinguna ójafnari. Velferðarþjónustan í víðasta skilningi þess orðs samanstandi af heilbrigðisþjónustunni, félagslegri þjónustu, stefnu í húsnæðismálum, fjölskyldu- og jafnréttisstefnu, stefnu í atvinnumálum, viðskiptaumhverfinu, vinnumarkaðsumhverfi, skattastefnu stjórnvalda o.fl.

Stefán sagði að launþegahreyfingin verði að standa vörð um almannatryggingar um leið og hún eflir aðra þætti velferðarkerfisins. Hún verði að standa vörð um lífeyrissjóðina, velferðarþjónustuna og samfélagsgerðina sem byggi á jöfnuði, réttlæti, sanngirni og stöðugleika. Öflugt velferðarkerfi krefjist sterkrar launþegahreyfingar.

Geirlaug Björnsdóttir framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar Norðurlands tók til máls og fjallaði um verkefni stofnunarinnar. Meðal stofnenda Starfsendurhæfingar Norðurlands eru Akureyrarbær, Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Framhaldskólinn á Húsavík, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, KEA, Lífeyrissjóður Norðurlands og Símenntunarstöð Eyjafjarðar.

Lögð er sérstök áhersla á að virkni einstaklinganna í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar. Geirlaug sagði að þessi þjónusta hafi verið í gangi í 4 ár og hugsuð sem tilraun til að snúa við þeirri þróun sem er fjölgun öryrkja. Hlutverk stofnunarinnar er að útvega þá þjónustu sem einstaklingurinn þarf, s.s. í formi námstengdrar endurhæfingar en þátttakendur stunda nám á framhaldsskólastigi ýmist frá VMA eða Framhaldsskólanum á Húsavík. Auk þess er boðið upp á fjármálaráðgjöf, sálfræðistuðning, hópefli/sjálfsstyrkingu og líkamsþjálfun. Öll endurhæfingin miðar að því að einstaklingurinn fari í vinnu eða í nám að endurhæfingu lokinni. Að þjónustunni koma sérfræðingar þeirra stofnana sem að henni standa s.s. læknar, félagsráðgjafar, ráðgjafar svæðisvinnumiðlunar og lífeyrissjóða.

Fram kom að árangurinn hafi verið góður sem m.a. mætti rekja til þeirrar hugmyndafræði sem liggi til grundvallar öllu starfi stofnunarinnar. Þar skipti miklu máli að einstaklingurinn er hvattur til að taka ábyrgð á sínum málum og byrji strax að vinna í sínum málum með virkum hætti og finni leiðir út úr sínum vanda. Þar skipti mestu að horft sé á styrkleika einstaklingsins en ekki veikleika hans. Þá sé mikilvægt að endurhæfingin fari fram í heimabyggð viðkomandi. Stuðningur er þá nærri og tekist er á við vandmálin í því umhverfi sem býður einstaklings að lokinni endurhæfingu. Einnig sé afar mikilvægt að stofnanir samfélagsins vinni vel saman.

Geirlaug vék máli sínu síðan að þeirri umræðu sem á sér stað um upptöku nýs veikindaréttarkerfis hjá aðildarfélögum ASÍ. Miðað við þær tillögur sem nú liggi fyrir sé gert ráð fyrir því að gripið verði mjög fljótt inn í mál þeirra sem falla út af vinnumarkaðinum og þeim veitt viðeigandi þjónusta. Unnið skuli strax að því að hvetja viðkomandi einstakling til að fara aftur út vinnumarkaðinn. Snemmtæk íhlutun skili meiri árangri. Í þessu felst ákveðinn styrkur en hindranir séu einkum þær að hér er hugsanlega verið að koma á tvöföldu kerfi.

Það beri engu að síður að fagna þeirri vitundarvakningu sem orðið hefur um þessi mál hjá verkalýðshreyfingunni og stjórnmálamönnum. Mikilvægt sé að aðilar vinni saman auk þess sem tryggja verði fjármögnun. Best sé að smíðað verði eitt kerfi fyrir alla sem mæli vinnugetu og stöðu einstaklingsins. Einnig sé nauðsynlegt að greiða hærri bætur meðan á endurhæfingu stendur.

Fram kom hjá Geirlaugu að hugmyndafræði starfsendurhæfingarinnar hafi hlotið athygli víða um heim. Henni var veittur Leonardo da Vinci styrkur til þess að þróa verkefnið í fjórum Evrópulöndum, þ.e. Ítalíu, Hollandi, Litháen og Slóveníu. Því má segja að starfsemi Starfsendurhæfingar Norðurlands sé í sama takti og best þekkist erlendis.

Kaffihlé kl. 15.45.

Að loknu kaffihléi voru umræður um norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið. **Þórunn Sveinbjörnsdóttir** gaf orðið laust.

Signý Jóhannesdóttir tók til máls og gerði að umtalsefni nokkra þætti í III. og IV. kafla í greinargerð ASÍ um norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið. Hún væri ánægð með ritið en kvaðst ekki hafa áttað sig til fulls á hvort þar væri verið að lýsa stöðunni almennt á þessu sviði á Norðurlöndum, íslenska kerfinu eða hvernig við óskum okkur að kerfið líti út. Lagði hún til að breytingar yrðu gerðar á nokkrum stöðum í textanum. Hún kvaðst m.a. vilja sjá aðrar áherslur í texta um jafnrétti kynjanna á bls. 9. Þá nefndi hún að Þorbjörn Guðmundsson hefði talað um að mistök

hafi átt sér stað þegar félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður. Önnur félagsleg kerfi hafi einnig verið lögð niður og nefndi hún skyldusparnaðarkerfið í því sambandi. Á þingi Alþýðusambands Norðurlands hafi verið samþykkt tillaga um að efla sparnað, m.a. hjá ungu fólki til að undirbúa það undir fyrstu íbúðarkaup sín.

Þá kvaðst hún sakna þess að í umfjöllun um málefni barnafjölskyldunnar væri ekki minnst á allar þær barnafjölskyldur sem þurfa að kaupa gleraugu fyrir börn. Í dag þurfi börn að vera mjög sjónskert til að eiga rétt á niðurgreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins. Það skjóti skökku við að börn sem borða mikið sælgæti og bursti ekki tennur fái niðurgreidda tannlæknaþjónustu en börn með skerta sjón ekki.

Stefán Ólafsson hafi talað um þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattakerfinu, hátekjumönnum til hagsbóta með lækkun hátekjuskattsins. Fjármálaráðherra hafi talað um að 450 til 500.000 kr. væri of lágt viðmið. Signý benti hins vegar á að síðast þegar hún gáði hafi skerðing barnabóta byrjað við 50.000 kr. Af hverju ekki að miða við 400 til 500.000 kr.

Signý sagði mikið af upplýsingum hafi komið fram sem muni nýtast í umræðunni um Áfallatryggingasjóð. Rifjaði hún upp ummæli Rannveigar Sigurðardóttur fyrr á fundinum um samanburð veikinda- og slysaréttar hjá ASI og BSRB. Signý kvaðst ekki vera samþykk þeirri hugmynd sem sett hafi verið fram um að draga eitt prósent af lífeyrisiðgjaldinu og leggja það inn í Áfallatryggingasjóðinn. Það væri að hennar mati skref aftur á bak í því verkefni að jafna rétt launafólks á almennum vinnumarkaði við réttindi opinberra starfsmanna. Finna verði aðra leið. Þetta sé ekki rétta leiðin.

Guðmundur Ingi Kristinsson tók til máls og sagði áform um Áfallatryggingasjóð eitt mesta framfaraspor sem stigið hafa verið. Núverandi kerfi væri alveg steinrunnið og almannatryggingakerfi Tryggingastofnunar ríkisins mjög torskilið. Nefndi hann í því sambandi að tekjutengingar gagnvart öryrkjum og aðstandendum væru komnar úr öllu korti. Launahækkun maka geti í núverandi kerfi þýtt stórtap fyrir þann sem er á örorkulífeyri hjá stofnuninni. Rakti Guðmunur nokkur dæmi máli sínu til stuðnings.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir sagði að drög að greinargerð og tillögur um norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið færi nú til velferðarnefndar og vinnumarkaðsnefndar til frekari umfjöllunar.

Lagabreytingar

Björn Snæbjörnsson tók til máls og kynnti eftirfarandi tillögu miðstjórnar um breytingu á lögum ASÍ. Tillagan er svohljóðandi:

> *„Á fundi sínum þann 18. 10 2007 ákvað miðstjórn með vísan til 2.mgr. 43.gr. laga ASÍ að leggja fyrir ársfund tillögu um breytingar á 4, 5 og 9.mgr. 32.gr. laga ASÍ þess efnis að varaforsetar ASÍ verði tveir. Annars vegar fyrsti varaforseti sem kjörinn skal það ár sem forseti er ekki kjörinn og hins vegar annar varaforseti sem kjörinn skal það ár sem forseti er kjörinn. Miðstjórn leggur til að:*
>
> *4. mgr. 32. gr. hljóði svo:*
>
> *Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að á ársfundi annað hvert ár skulu forseti og annar varaforseti kosnir sérstaklega og fimm meðstjórnendur, en hitt árið skal fyrsti varaforseti kosinn sérstaklega og sjö meðstjórnendur. Þessir mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.*
>
> *5. mgr. 32. gr. hljóði svo:*
>
> *Auk þess skal kjósa ellefu varamenn. Sex það árið sem forseti er kjörinn og fimm það árið sem fyrsti varaforseti er kjörinn.*
>
> *9. mgr. 32. gr. hljóði svo:*

Forfallist forseti eða varaforsetar svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna.

Núverandi 4., 5. og 9. mgr. 32. gr. hljóði svo:

4. mgr.

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að á ársfundi annað hvert ár skal forseti kosinn sérstaklega og sex meðstjórnendur, en hitt árið skal varaforseti kosinn sérstaklega og sjö meðstjórnendur. Þessir mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

5. mgr.

Auk þess skal kjósa ellefu varamenn. Sex það árið sem forseti er kjörinn og fimm það árið sem varaforseti er kjörinn.

9. mgr.

Forfallist forseti eða varaforseti svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna.

Þá kynnti Björn eftirfarandi tillögu um breytingu á reglugerð fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ.

„Á fundi sínum þann 18.10 2007 ákvað miðstjórn ASÍ að leggja fyrir ársfund tillögu um breytingar 2. mgr. 3. gr. reglugerðar fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ. Tillagan er gerð vegna fjölgunar varaforseta ASÍ og lýtur að því að skýrt sé kveðið á um að fyrsti varaforseti sé staðgengill forseta í forföllum hans. Miðstjórn leggur til að:

2. mgr. 3.gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Fyrsti varaforseti er staðgengill forseta og annar varaforseti í forföllum hans.

Núverandi 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Varaforseti er staðgengill forseta."

1. umræða um laga og reglugerðarbreytingar

Stefán Ólafsson tók til máls og kvaðst ekki sjá tilganginn með þessum lagabreytingum. Skipulags- og starfsháttanefnd hafi ekki séð ástæðu til að koma fram með tillögu um fjölgun á varaforsetum ASÍ. Að sínu mati hefði núverandi kerfi, þ.e. með forseta og einum varaforseta gefist vel. Ef þetta teldist einhver lausn á því að ákveða hverjir eigi að hafa stöðu forseta og varaforseta þá endi það með því að sambandið muni sitja uppi með 11 varaforseta. Að hans mati væri tillagan vanhugsuð og óþörf. Ekki eigi að kjósa fulltrúa ákveðinna landssambanda heldur fyrst og fremst þá einstaklinga sem hafi staðið sig vel.

Örn Friðriksson rifjaði það upp að fyrir síðasta ársfund sambandsins hafi mikil vinna verið lögð í það á vettvangi Skipulags- og starfsháttanefndar og víðar að finna út hvernig gera mætti ASÍ meira straumlínulagað. Í þeirri vinnu kom aldrei til tals að fjölga varaforsetum ASI. Örn sagði að fram hefði komið framboð í sæti varaforseta ASÍ í samræmi við gildandi reglur. Miðstjórn ASÍ hafi hins vegar talið skynsamlegra að finna tæknilega lausn í stað þess að fara í kosningar. Honum finnist það miður þar sem hans mati hefði átt að fara í kosningar. Þá finnst honum það verra að tillaga miðstjórnar að lagabreytingum hafi ekki fengið neina umræðu í Skipulags- og starfsháttanefnd eða laganefnd ASÍ. Hann hafi ekki heldur heyrt nein efnisleg rök fyrir þessari lagabreytingu, að hún væri til bóta o.s.frv. Ekki hefðu allir verið sammála um

að fara þessa leið í miðstjórninni og kvaðst hann hafa setið hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Karitas Maggy Pálsdóttir spurði um tilganginn með því að fjölga varaforsetum ASÍ. Ársfundur ASÍ væri haldinn einu sinni ári og því minni ástæða til að gera þessa breytingu. Staðan hefði verið önnur hér áður fyrr þegar þing var haldið á 4 ára fresti og þá kannski meiri þörf fyrir því fyrirkomulagi sem nú væri lagt til. Að hennar mati væri það hins vegar ljóst að valdið til að ákveða hverjir væri í forystu fyrir ASÍ lægi hjá þeim sem hefðu verið valdir af sínum félögum til setu á ársfundum.

Önnur mál

Þórunn Sveinbjörnsdóttir sagði að engin formleg erindi hefðu borist inn á ársfund undir þessum lið. Hún gaf orðið laust. Engin tók til máls.

Halldór Grönvold kynnti málstofur og nefndastörf. Málstofur verða fjórar:

1. Efnahags- og kjaranefnd. Formaður Gunnar Páll Pálsson.

2. Velferðarnefnd. Fjallar um inngang og III. hluta í ritinu Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið. Formaður Þorbjörn Guðmundsson.

3. Vinnumarkaðsnefnd. Fjallar um II. og IV hluta ritsins Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið. Formaður Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

4. Laganefnd. Fjallar um laga og reglugerðarbreytingar. Formaður Björn Snæbjörnsson.

FÖSTUDAGUR 19. OKTÓBER

Ársfundi ASÍ 2007 var framhaldið föstudaginn 19. október 2007 kl. 10:05.

Laga og reglugerðarbreytingar 2. umræða

Björn Snæbjörnsson tók til máls og gerði grein fyrir starfi laganefndar. Meirihluti nefndarinnar leggi til að tillaga miðstjórnar eins og hún var kynnt á ársfundi í gær verði samþykkt.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Gunnar Páll Pálsson tók til máls og sagðist taka undir orðs Björns. Hann kvaðst vilja halda til haga þeirri sýn VR að skapa samstöðu í aðdraganda kjarasamninga. Í fortíðinni hafi það skapað vandamál þegar efnt hafi verið til kosninga skömmu fyrir kjarasamninga. Hið sama hafi verið uppi á teningnum þegar þessar tvær meginfylkingar innan ASÍ, verslunar- og skrifstofufólk og verkafólk, hafa ekki haft tök á því að koma saman að málum strax á byrjunarstigi. Það sé því til bóta að fjölga forsetum úr einum í tvo. Þá sagði Gunnar Páll að Ingibjörg R. Guðmundsdóttir væri að hefja sitt síðasta kjörtímabil sem varaforseti og því ekki ástæða til efna til ófriðar. Einnig væru breytingar framundan í forystunni á næsta ári. Lagði Gunnar Páll til að fundurinn styddi tillögu miðstjórnar.

Kristján Gunnarsson kvaðst tala fyrir tillögunni líkt og Gunnar Páll. Hann sagði það ekki nýtt sem komið hafi fram á fundinum í gær um tvo varaforseta. Sú skipan mála hafi verið í umræðunni lengi. Hann sagði umræðuna á fundi laganefndar í gær hafa verið mjög hreinskiptna. Hún hafi verið gagnleg og það verið rifjað upp þegar í miðstjórn sátu ekki formenn stærstu félaga. Við þær aðstæður hafi þurft ærið marga fundi til að ná niðurstöðu. Eftir skipulagsbreytingar og fækkun í miðstjórn höfum við átt því láni að fagna að innan miðstjórnar eru formenn tveggja stærstu aðildarfélaga ASÍ. Hins vegar sé það ekkert launungamál að hópurinn innan Starfsgreinasambandsins hafi verið ýta á það að komast að forseta dúettinum. Eins og menn muni hafi kosning milli hans og Ingibjargar í sæti varaforseta sambandsins endað á ársfundi ASÍ 2005 með minnsta mun. Sú niðurstaða hafi verið góð í sjálfu sér. Kristján sagði að tillaga um að fulltrúi Starfsgreinasambandsins byði sig fram til varaforseta hefði fengið góðar undirtektir á nýafstöðnu þingi SGS. Hann kvaðst hins vegar skilja pirring ársfundarfulltrúa gagnvart þeirri tillögu sem miðstjórnin hefði lagt fram. Hún hefði komið fram með of skömmum fyrirvara en heppilegra hefði verið að nálgast þessa lausn í gegnum Skipulags- og starfsháttanefnd. Kristján tók undir orð Gunnar Páls um að tillaga miðstjórnar væri til þess fallin að styrkja ASÍ og forystu sambandsins með því að hafa þrjá forseta. Hvatti hann ársfundarfulltrúa til að styðja tillöguna svo að forystan endurspegli sambandið og þá staðreynd að við skiptum okkur í raðir.

Stefán Ólafsson tók til máls og sagðist geta tekið undir flest það sem Gunnar Páll og Kristján hefðu sagt. Eining og samstaða væru sannarlega mikilvæg. Hann sagði hins vegar að á fundi laganefndar í gær hafi það komið skýrt fram að það ætti enginn neitt í þessu efni. Hann hafi vakið athygli á því að þessi tillaga hefði þurft að koma fram miklu fyrr og leggjast fyrir Skipulags- og starfsháttanefnd en ekki með dagsfyrirvara líkt og raunin væri á nú.

Stefán lagði fram tillögu um að atkvæðagreiðsla um lagabreytingartillögur miðstjórnar verði leynilegar. Fundarstjóri samþykkti þá tillögu.

Fundarstjóri tók til máls og vakti athygli á því að fundarmenn fái ekki atkvæðaseðill afhentan nema þeir hafi rauða nafnspjaldið í sínum fórum. Jafnframt verði þeir varamenn sem komu til fundar í dag að skrá sig formlega á fundinn. Fundarstjóri lýsti síðan framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

Gengið var til kosninga um framkomnar tillögur um lagabreytingar.

Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og stofnana

Grétar Þorsteinsson fylgdi skýrslu forseta úr hlaði með eftirfarandi ræðu:

„Fundarstjóri - félagar

Skýrslu forseta um störf Alþýðusambandsins frá síðasta ársfundi til dagsins í dag hefur verið dreift.

Ég ætla ekki fremur venju að rekja það sem í skýrslunni stendur. Flest af því þekkið þið - en kynnið ykkur það að öðrum kosti í skýrslunni sjálfri. Skýrsla forseta er nokkru minni að vöxtum en á síðasta ári. Það þýðir þó ekki að við höfum setið aðgerðalaus.

Verkefnin hafa hins vegar að mörgu leyti verið annars konar en t.d. á síðasta ári, þegar kjarasamningar voru endurskoðaðir. Ekki bara einu sinni – heldur tvívegis.

Síðan hófst vinnan við samantekt skýrslunnar af ýmsum ástæðum síðar en undanfarin ár. Það er líklegt að það hafi haft einhver áhrif og ekki útilokað að það bitni líka eitthvað á framsetningu og áferð. Ég held þó að efnislega hafi allt skilað sér. Síðan skilst mér að pappírinn í skýrslunni sé þynnri en áður.

Nú var það ekki ætlun mín að fara að þylja hér upp einhverjar afsakanir fyrir því af hverju skýrsla forseta er minni að vöxtum en undanfarin ár – það hefur raunar stundum verið kvartað undan því að hún væri of umfangsmikil.

En félagar, þetta er ekki stóra málið – stóra málið er starfið á árinu. Ég leyfi mér að halda því fram að það hafi verið árangursríkt – bendi til dæmis á merka áfanga í réttindamálum útlendinga á vinnumarkaði.

Fyrir fundinum liggur margvíslegt annað útgáfuefni og hefur verið fjallað sérstaklega um sumt. Við gefum nú út Árið í hnotskurn í fimmta sinn. Þar er sagt í stuttu máli frá nokkrum mikilvægum viðfangsefnum á árinu.

Þessu riti er víða dreift – en skýrsla forseta er meira til heimabrúks.

Jafnframt er nú gefin út samantekt um kynjabókhald í annað sinn og regluleg haustspá Hagdeildarinnar kemur út á ársfundi eins og undanfarið.

En víkjum aftur að skýrslunni.

Í stórum drættum er í henni fjallað um þróun í öllum helstu málaflokkum sem varða málefni launafólks. Jafnframt er fjallað um okkar vinnu í málaflokkunum. Hún birtist með ýmsum hætti, í margvíslegum verkefnum og samningum sem unnið hefur verið að á vettvangi Alþýðusambandsins og okkar vinnu og tillögugerð.

Eðli máls samkvæmt hefur vinnan ráðist mikið af þeim verkefnum sem eru framundan, þ.e. gerð kjarasamninganna og væntanlega fjallað meira um það á næsta ársfundi.

Félagar,

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um það sem við höfum sýslað á árinu. Þið eigið að hafa það í aðalatriðum skjalfest fyrir framan ykkur.

Að lokum vil ég þakka félögum mínum í miðstjórn og félagsmönnum Alþýðusambandsins samstarfið á liðnu tímabili og starfsfólki á skrifstofu ASÍ fyrir allt það starf sem það hefur innt af hendi á árinu og í undirbúningi þessa fundar."

Reikningar ASÍ og stofnana

Gylfi Arnbjörnsson gerði grein fyrir samstæðureikningi ASÍ og einstakra stofnana. Rekstur sambandssjóðs var með hefðbundnum hætti á árinu en mikil aukning í umsvifum Mímis-símenntunar ehf. og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. í kjölfar samninga okkar við stjórnvöld um aukin framlög til menntamála. Afkoma dótturfélaga var almennt góð. Af reikningunum má sjá að fjárhagsleg staða ASÍ er traust.

Umræða um skýrslu forseta og ársreikninga

Örn Friðriksson sagði að á bls. 257 í árskýrslu forseta kæmi fram að í stjórn VM væru ritari og gjaldkeri. Sú frásögn væri ekki rétt miðað við gildandi lög félagsins og vonaði hann að það yrði leiðrétt.

Fundarstjóri bar samstæðureikning ASÍ og stofnana undir atkvæði og var hann samþykktur samhljóða.

Einar Kárason rithöfundur kvaddi sér hljóðs með stuttu erindi þar sem við sögu komu m.a. fyrsti forseti ASÍ Ottó Þorláksson og bróðir hans og ýmsir þjóðþekktir rithöfundar.

Atkvæðagreiðsla um lagabreytingar

Fundarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðu atkvæðagreiðslu um tillögu miðstjórnar um fjölgun varaforseta ASÍ, sbr. skjöl nr. 13. og 14. 275 greiddu atkvæði og féllu atkvæði sem hér segir:

Já sögðu 146 eða 58,9%

Nei sögðu 102 eða 41,1%

Auð eða ógild atkvæði voru 27

Þar sem tillagan náði ekki tilskildum meirihluta var tillaga miðstjórnar felld.

Stefánía Magnúsdóttir formaður kjörnefndar tók til máls. Hún sagði að tvær tillögur væru fram komnar um kjör til varaforseta ASÍ. Afgreiðsla annarra tillagna væri háð því hvernig sú kosning færi en kosið verði á milli Ingibjargar R. Guðmundsdóttur og Signýjar Jóhannesdóttur.

Gengið var til kosninga um varaforseta ASÍ.

Efnahags- og kjaramál 2. umræða / afgreiðsla

Gunnar Páll Pálsson tók til máls. Hann sagði að umræður hefðu verið líflegar í efnahags- og kjaranefnd en 15 aðilar komu með tillögur að breytingum á ályktuninni. Óskað var eftir því að kveðið yrði fastar að orði í ályktuninni, auk þess að bætt yrði við efni um kynbundin launamun, vaxtakjör o.fl. Persónulega hafi honum fundist það athyglisverðast að ekki var rætt um eitt af stóru málunum um þessar mundir, þ.e. Áfallatryggingasjóðinn. Hann sagði að svo miklar breytingar hefðu verið gerðar á efni ályktunarinnar við meðferð nefndarinnar að ákveðið hefði verið að leggja fram nýja ályktun svohljóðandi:

> *„Ályktun ársfundar ASÍ 2007 um kjaramál*
>
> *Ársfundur Alþýðusambands Ísland krefst þess að launafólk fái stærri hlutdeild í aukningu þjóðarverðmæta.*
>
> *Þrátt fyrir að gerð kjarasamninga sé viðfangsefni einstakra félaga og landssambanda leggur ársfundurinn áherslu á að í komandi kjarasamningum verði samið um launahækkanir sem tryggi aukinn kaupmátt, sérstaka hækkun lægstu launa, auk þess sem tekið verði af festu á launamisrétti kynjanna. Jafnframt verði öryggisnet kjarasamninganna styrkt og þannig komið í veg fyrir félagsleg undirboð.*

Það verði meðal annars gert með því að færa taxta að greiddu kaupi og með því að tryggja að fagleg starfsréttindi launafólks verði virt.

Ársfundurinn telur mikilvægt að aðildarsamtökin standi saman að kröfum sem varða sameiginlega hagsmuni alls launafólks gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum.

Áríðandi er að stjórnvöld komi sérstaklega til móts við lág- og millitekjufólk með aðgerðum í skatta-, velferðar- og menntamálum. Skattbyrði þeirra tekjulægri verði lækkuð, sérstakt átak verði gert í málefnum barnafjölskyldna, í húsnæðismálum og dregið verði úr tekjutengingum velferðarkerfisins. Mikilvægt er einnig að bæta möguleika launafólks til frekari menntunar með því að allir eigi kost á öðru tækifæri til náms.

Ársfundurinn leggur áherslu á að unnið verði áfram að útfærslu á nýju fyrirkomulagi á veikinda-, slysa- og örorkubótaréttar í samræmi við framkomnar tillögur. Jafnframt er nauðsynlegt að bæta slysatryggingaákvæði kjarasamninga.

Ársfundurinn gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau tryggi efnahagslegan stöðugleika með lágri verðbólgu, sambærilegum vaxtakjörum við það sem gerist í nágrannalöndunum og stöðugu gengi. Reynsla liðinna ára sýnir okkur að án stöðugleika verður lítið úr þeim kjarabótum sem samið er um í kjarasamningum."

Guðmundur Ingi Kristinsson tók til máls um Áfallatryggingasjóð og afnám tekjutenginga við laun maka.

Guðbrandur Einarsson kvaðst í meginatriðum vera ánægður með ályktunina. Hún taki á flestu sem fjallað sé um þessa dagana. Samhengið í orðalagi ályktunar og stíl sé hins vegar nokkuð laskað eftir miklar breytingar og lagði hann til fáeinar orðalagsbreytingar til að bæta úr.

Guðrún Hlín Adólfsdóttir tók til máls og sagði að á nýafstöðnu þingi Starfsgreinasambandsins hefði mikið verið rætt um græðgina í samfélaginu. Rétta orðið til að lýsa því ástandi væri siðferðisblinda af versta tagi.

Gylfi Ingvarsson lagði fram svohljóðandi tillögu um breytingu á 2. ml. 4. mgr. í ályktun efnahags- og kjaranefndar.

Í stað orðanna „dregið verði úr tekjutengingum velferðarkerfisins" komi „feld verði út tekjutenging velferðarkerfisins".

Fundarstóri gaf Gunnari Páli tækifæri til að bregðast við framkomnum tillögum.

Gunnar Páll sagði að búið væri að gera ýmsar breytingar frá upphaflegri tillögu nefndarinnar. Textinn bæri þess merki og lagði hann til að skrifstofa ASÍ fengi umboð til að yfirfara orðalag og gera hann læsilegri. Gunnar Páll sagði að miklar umræður hefði verið í nefndinni um tekjutengingar í velferðarkerfinu. Teldi hann skynsamlegast að fara varlega í þessu efni og vísaði þar m.a. til harkalegrar gagnrýni í garð verkalýðshreyfingarinnar í fjölmiðlun í tengslum við lífeyrissjóðina. Vísaði Gunnar Páll til fundarstjóra að afgreiða þessa tillögu.

Fundarstjóri vakti athygli á því að tillaga Gylfa Ingvarssonar væri ekki studd nægilega mörgum undirskriftum. Hlé var veitt meðan tillöguflytjanda var gefinn kostur á að safna undirskriftum.

Kjör varaforseta ASÍ

Þórunn Sveinbjörnsdóttir tók til máls og gerði grein fyrir niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar um kjör varaforseta.

Atkvæðu féllu þannig að Ingibjörg R Guðmundsdóttir fékk 163 atkvæði eða 60,1% greiddra atkvæða og Signý Jóhannesdóttir fékk 108 atkvæði eða 39,9% greiddra atkvæða. Greidd atkvæði voru 271.

Þórunn lýsti Ingibjörgu R Guðmundsdóttur því rétt kjörinn varaforseta ASÍ til ársfundar árið 2009. Ingibjörg tók til máls og þakkaði kærlega fyrir þann stuðning sem ársfundurinn sýndi henni með þessari kosningu.

Signý Jóhannesdóttir tók til máls og þakkaði sömuleiðis fyrir þann stuðning sem hennar framboð hefði fengið. Hún óskaði jafnframt Ingibjörgu til hamingju með úrslitin og vonaðist eftir góðu samstarfi í framtíðinni sem hingað til.

Framhald umræðna um efnahags- og kjaramál

Gylfi Ingvarsson tók til máls og kvaðst hafa aflað tilskilins fjölda undirskrifta fyrir tillögu sína.

Georg Páll Skúlason kvaðst styðja tillöguna eins og hún kom með því breytta orðalagi sem Gunnar Páll hafi lagt til. Georg kvaðst hins vegar ekki reiðubúinn að samþykkja tillögu Gylfa. Eins og svo margir aðrir í þessum sal eigi hann sæti í stjórn lífeyrissjóðs og viti hvaða áhrif þessi tillaga myndi hafa ef samþykkt yrði.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir tók til máls og sagði að tillaga Gylfa Ingvarssonar gengi lengra en tillaga efnahags- og kjaranefndar og yrði hún því borin undir atkvæði á undan tillögu nefndarinnar.

Atkvæðagreiðsla

Tillaga Gylfa Ingvarssonar var borin undir atkvæði. Yfirgnæfandi meirihluti var á móti og var tillagan því felld.

Því næst var borin undir tillaga Gunnars Páls um að skrifstofa ASÍ fái umboð til að lesa yfir tillöguna í heild sinni og gera nauðsynlegar orðalagsbreytingar. Fram kom hjá fundarstjóra að Guðbrandur Einarsson hafði fallist á þá tillögu.

Tillaga að ályktun kjara- og efnahagsnefndar var því næst borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Matarhlé kl 12:30.

Í hléinu léku Björn Rafnsson og Björn Thoroddsen nokkur lög á gítar og bassa.

Tillaga kjörnefndar um miðstjórnarmenn til ársfundar ASÍ 2009

Stefanía Magnúsdóttir gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar.

Aðalmenn sem sitja eiga til ársfundar 2009

Ragna Larsen, Bárunni Stéttarfélag (SGS)

Sigurrós Kristinsdóttir, Efling Stéttarfélag (SGS)

Kristján Gunnarsson, Vl. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr. (SGS)

Sævar Gunnarsson, Sjómannasamband Íslands (SSÍ)

Guðmundur Gunnarsson, Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ)

Gunnar Páll Pálsson, VR (LÍV)

Fundarstjóri lýsti eftir öðrum tillögum úr sal.

Hjördís Þóra Sigþórsdóttir tók til máls og gerði grein fyrir tillögu Afls Starfsgreinafélags um að Sverrir Mar Albertsson framkvæmdastjóri félagsins tæki sæti í miðstjórn ASÍ.

Gengið var til atkvæðagreiðslu um aðalmenn í miðstjórn ASÍ.

Norræna velferðarmódelið, 2. umræða

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir tók til máls. Velferðarnefndin fékk það verkefni að fjalla um inngang og III. hluta í drögum að greinargerð og tillögum um norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið. Örlitlar stílbreytingar voru gerðar í meðförum nefndarinnar á inngangskaflanum en fyrst og fremst voru gerðar breytingar á bls. 10 þar sem fjallað er um helstu áherslur ASÍ í velferðarmálum á næstu misserum. Kæmu þar fram á skjali nr. 19. Ingibjörg gerði grein fyrir þeim breytingum sem nefndin leggur til. Hún tók fram að ekki bæri að skilja hugtakið „lágmarksframfærsla" í millifyrirsögn á bls. 10 sem tillögu um lágmarkslaun. Stéttarfélögin fari með samningsréttinn og hér sér einungis verið að horfa til lágmarksframfærslu í velferðarkerfinu. Nefndin leggi til að orðunum „og tengist þannig launaþróun í landinu" verði bætt við setninguna en með því sé stuðlað að því að sú upphæð sem tilgreind er í kaflanum, 150.000 kr., fylgi launaþróun í landinu hverju sinni.

Þá er gerð tillaga um breytingu á kaflanum um húsnæðismál á þann veg að tilvísun til vaxta- og húsaleigubótakerfisins er felld brott. Þá er einnig gerð breyting á næst síðasta liðnum til áhersluauka með undirstrikun orðanna „sem virki hvetjandi á sparnað". Í þriðja lið kaflans um málefni barna er skotið inn orðinu „lesblindu" og í fjórða kafla orðinu „sjóntækjum".

Ingibjörg sagði mikla umræða hafi verið í nefndinni um málefni barna og fjölskyldunnar. Þá sagði hún áformað að halda ráðstefnu næsta vor þar sem haldið verði áfram að útfæra þær áherslur sem fram komi í greinargerð ASÍ um norræna velferðarsamfélagið. Einnig verði farið yfir það hvernig stjórnvöld hafa staðið sig í því að hrinda í framkvæmd þingsályktun um málefni barna sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið vor. Þá vísaði Ingibjörg til þess að í lok III. kafla væri upptalning á þeim áherslupunktum sem hafa verður í huga þegar stéttarfélögin ganga til verks við breytingar á slysa- og örorkubótarétti sinna félagsmanna. Velferðarnefndin hafi hins vegar ekki talið það sitt hlutverk að taka afstöðu til ólíkra leiða í því sambandi.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

María Guðmundsdóttir lagði til að orðalagið í kafla um málefni barna/barnafjölskyldna verði rýmkað þannig að það nái einnig til aðgengis barna og unglinga undir 18 ára að heyrnartækjum.

Ármann Ægir Magnússon tók til máls. Hann kvaðst hafa tekið þátt í störfum velferðarnefndar í gær. Á þeim fundi hafi ekkert komið til greina annað en það sem Þorbjörn Guðmundsson hefði lagt til og Gylfi Arnbjörnsson samþykkt. Ármann kvaðst þannig hafa lagt til ákveðnar breytingar á inngangsorðum greinargerðarinnar en án árangurs. Tillögur hans um tilteknar breytingar á bls. 10 hafi hlotið sömu örlög. Hann hafi t.a.m. varað við því að sett væri í greinargerðina upphæðin 150.000 kr. sem mistúlka mætti sem kröfu um lágmarkslaun.

Signý Jóhannesdóttir lagði til ákveðnar orðalagsbreytingar á liðnum um aðgengi barna og unglinga undir 18 ára aldri að sjóntækjum o.fl.

Þorbjörn Guðmundsson kvaðst ekki vilja munnhöggvast við Ármann Ægi um það hvernig hefði verið haldið á fundarstjórn velferðarnefndar í gær. Tillaga Ármanns um breytingar á orðalagi í inngangsorðum greinargerðarinnar hefði einfaldlega ekki passað við inntak kaflans að öðru leyti. Inngangsorð greinargerðarinnar væru

almenns eðlis og fjölluðu ekki um velferðarkerfi einstakra ríkja á Norðurlöndum heldur hvað einkenni þau almennt. Það væri því ekki hægt að setja inn eitthvað sérstakt um íslenska velferðarkerfið. Vilji hópsins hafi legið fyrir í nefndinni í gær og ekki mjög lýðræðislegt að malda endalaust í móinn. Þorbjörn bað um heimild fundarins til að fá að lagfæra textann í samræmi við tillögur Maríu og Signýjar. Ekki væri um efnislega breytingu að ræða en textinn yrði skýrari fyrir vikið.

Fundarstjóri tók til máls og lagði fyrir fundinn að heimila Þorbirni að gera viðeigandi breytingar á orðalagi.

Ármann Ægir Magnússon tók til máls. Hann sagði tillögu Signýjar mjög góða og lýsti yfir stuðningi við tillögu fundarstjóra um afgreiðslu hennar. Hann kvaðst hins vegar vilja ítreka fyrri ummæli sín um það hvernig sumir nái sínu fram í þessu starfi en aðrir ekki.

Sveinn G. Hálfdánarson tók til máls. Hann kvaðst hafa tekið þátt í störfum velferðarnefndar í gær undir ágætri forystu Þorbjörns. Vildi hann þakka honum og Gylfa Arnbjörnssyni sérstaklega fyrir þeirra þátt í starfi nefndarinnar. Ármann hafi talað einn fyrir sínum tillögum og þó að nefndarmenn hafi ekki talað gegn honum á fundinum þá hafi afstaða hópsins komið skýrt fram í atkvæðagreiðslunni.

Hannes Sigurðsson til máls og kvaðst ósáttur við orðfærið í greinargerð ASÍ um norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið. Lagði hann áherslu á að það efni sem frá ASÍ komi sé á góðri íslensku.

Fundarstjóri bar tillögu velferðarnefndar sbr. skjal nr. 19 undir atkvæði. Tillagan var samþykkt án mótatkvæða.

Fundarstjóri tók til máls og óskaði afmælisbörnum dagsins, þeim Guðmundi Þórði Ragnarssyni, Sigurði Magnússyni og Kolbeini Gunnarssyni, til hamingju með afmælið. Þórarinn Guðni Sverrisson stýrði afmælissöng.

Vinnumarkaðsmál / 2. umræða og afgreiðsla

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir tók til máls og gerði grein fyrir störfum vinnumarkaðsnefndar en hún fékk það verkefni að fjalla um II. og IV kafla í greinargerð ASÍ um norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið. Hún sagði að umræðan hefði verið góð og mikil eining í nefndinni. Mestur tími hafi farið í umræður um menntamál sbr. II. kafla og hefði nefndin ákveðið að leggja til breytingar á þremur atriðum í þeim kafla, sbr. skjal nr. 20. Í nefndinni var einnig mikil umræða um nauðsyn þess að styrkja stöðu trúnaðarmannsins en fram hafi komið að atvinnurekendur meti það ekki alltaf að hafa virka trúnaðarmenn í hópi starfsmanna sinna.

Þá hafi samþykkt ILO 158 um ráðningarvernd starfsmanna einnig borið á góma. Í þeirri umræðu hafi komið fram að mestu skipti að taka upp hér á landi reglur sem staðfesti megininntak samþykktarinnar um að ekki megi segja upp fólki fyrirvaralaust án rökstuðnings. Það væri hins vegar ekki meginatriðið að taka ákvæði ILO samþykktar 158 orðrétt upp í íslensk lög. Sagði Úlfhildur að nú væri vonandi loksins komið að því að þessi grundvallarregla verði viðurkennd hér á landi og minnti í því sambandi á jákvæð ummæli félagsmálaráðherra í því efni.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Vilhjálmur Birgisson tók til máls. Hann vék máli sínu að ræðu sem Guðmundur Gunnarsson flutti á fundinum í gær þar sem samspil markmiða í menntamálum launafólks og framkvæmd eftirlits með launakjörum útlendinga hafi borið á góma. Þá ræðu hafi Guðmundur endað með stórri spurningu til Starfsgreinasambandsins. Sneri sú spurning að atviki sem Guðmundur kvaðst hafa orðið vitni að þegar ónefnt félag almenns verkafólks hafi handsalað 850 kr. tímakaup fyrir erlenda iðnmenntaða trésmiði. Vilhjálmur sagði að hér væri um grafalvarlegt mál að ræða og sagði að stéttarfélögin hafi staðið blóðug upp að öxlum í baráttunni gegn félagslegum undirboðum. Í því ljósi væri því um mjög alvarlega ásökun að ræða sem Guðmundur

verði að rökstyðja og jafnframt að tilgreina hvar og hvenær hann hafi orðið vitni að þessu, hvaða atvinnurekandi hafi átt í hlut o.s.frv. Vilhjálmur benti á að félagið sem hann stýrði hafi náð fram launaleiðréttingum fyrir erlenda starfsmenn upp á 6,2 milljónir í málum þar sem menn voru á launum undir lágmarkskjörum kjarasamninga.

Sigurður T. Sigurðsson spurði af hverju væri verið að bakka með upphaflega kröfu um fulla innleiðingu á samþykkt ILO-158 og það eftir 20 ára baráttu. Samþykktin hefði að geyma fleiri mjög mikilvæg atriði til viðbótar við meginregluna um bann við uppsögn án málefnalegra ástæðna, þ.m.t. bann við uppsögn vegna stéttarfélagsaðildar.

Sigurður lagði fram svohljóðandi tillögu fyrir ársfund ASÍ.

> *„Ársfundur ASÍ felur miðstjórn sambandsins að fylgja því eftir af festu við Alþingi, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158 verði fullgilt á yfirstandandi þingi og tryggja með því íslensku launafólki sömu lágmarksréttindi við uppsagnir úr starfi eins og gilda meðal flestra annarra vestrænna þjóða. Fundurinn minnir á að ályktanir um sama efni hafa verið samþykktar á ársfundum sambandsins á undanförnum árum."*

Guðmundur Gunnarsson tók til máls og sagði að sum Norðurlanda hafi ekki fullgilt samþykkt ILO-158 en farið þá leið þess í stað að samþykkja reglur sem í raun gangi lengra. Guðmundur taldi ekki nauðsynlegt vegna ummæla Vilhjálms Birgissonar í sinn garð að nefna tiltekin félög eða atvinnurekendur. Hann hafi fyrst og fremst verið að vísa til þess að forsvarsmenn í félögum iðnaðarmanna hafi verið að horfa upp á talsverða kjaraskerðingu hjá iðnaðarmönnum sem starfa á byggingarmarkaði.

Vilhjálmur Birgisson sagðist myndi túlka svar Guðmundar á þann hátt að ummæli hans frá því í gær hefðu verið ósönn og þannig muni hann einnig túlka málflutning Guðmundar í framtíðinni.

Sigurður T. Sigurðsson sagði það rétt að sum ríki hefðu í sinni löggjöf reglur um ráðningarvernd launafólks. Það væri hins vegar stórt skref fyrir ASÍ að segja nú að samþykkt ILO-158 væri léleg og ekki þess verð að fullgilda hana hér á landi. Ástæðulaust væru fyrir ársfund ASÍ að koma fram með breytta áskorun til Alþingis miðað við fyrri afgreiðslur ársfunda ASÍ á þessu máli.

Guðmundur Gunnarsson sagði nýlega launakönnun RSÍ hafa leitt það í ljós að rafvirkjar væru að upplifa helmingi minna launaskrið en aðrir hópar innan RSÍ. Samkvæmt tölum Hagstofunnar hafi iðnaðarmenn almennt verið að upplifa launaskrið á síðustu 12 mánuðum upp á 9% meðan aðrar stéttir hafa verið að fá 13% eða meira. Guðmundur sagði að skráning erlendra starfsmanna hjá Vinnumálastofnun væri ekki nóg. Ekki væri nóg að skrá menn inn í landið heldur verði að fylgjast með því hvað atvinnurekendur eru að greiða þeim í laun. Guðmundur kveðst aldrei hafa dregið í efa að Vilhjálmur Birgisson og aðrir innan SGS væru að fylgjast með því að menn væru á launum skv. kjarasamningum. Þar sé hins vegar ekki þar með sagt að ekki séu á ferðinni atvinnurekendur sem selji út erlenda starfsmenn sem iðnaðarmenn en greiði þeim síðan laun sem almennum verkamönnum. Hann sagði að það kerfi sem við búum við sé ekki að virka sem skyldi. Við gerðum aðeins helminginn af því sem við eigum að gera. Þá sagði hann að ákveðin fyrirtæki í byggingariðnaði væru með aðför að starfsmenntun í landinu. Þau komist upp með að setja menn sem ekki hafa tilskilin iðnréttindi eða önnur skráð réttindi í störf sem iðnmenntun þurfi til. Ekkert eftirlit sé haft með erlendum launafólki en miklu meira með Íslendingum í sömu stöðu. Guðmundur nefndi í því sambandi dæmi um afskipti RSI og Afls Starfsgreinafélags af málum við Kárahnjúka. Þar hafi eitt íslenskt fyrirtæki verið sektað upp á milljónir fyrir að hafa menn ekki með tilskilin vinnuvélaréttindi. Erlendir verktakar hafa hins vegar komist upp með að brjóta reglurnar. Ef fram fer sem horfir þá hljóti menn að spyrja sig þeirrar spurningar hvort ástæða sé til að mennta fólk til iðnaðarstarfa í þessu landi. Og ef sú er staðan, hvað þá með félagsmenn aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins, hver er þá staða taxtalauna samkvæmt kjarasamningum SGS, eru þau e.t.v. of há. Guðmundir taldi ekki ástæðu í þessari umræðu að nefna einhver fyrirtæki eða félög. Hann hafi hins vegar séð ráðningarsamninga erlendra

starfsmanna þar sem á stóð „carpenter" en tímakaupið hins vegar einungis 850 kr. Það mál hafa reyndar ekki tengst Akranesi.

Hann nefndi einnig í þessu sambandi þá stefnumótun Starfsgreinasambandsins að setja á dagskrá námskeið fyrir ýmsa hópa innan sinna vébanda, þ.m.t. línumenn í orkugeiranum, námskeið fyrir byggingarverkamenn o.fl. í þeim tilgangi að tryggja þeim hærri laun. Það starf væri væntanlega unnið fyrir gíg ef menn huga ekki að sér og standi saman. Guðmundur kvaðst hafa átt viðræður við marga af forsvarmönnum Starfsgreinasambandsins í gær. Í þeim samtölum hafi komi fram að samstaða er um að vinna sameiginlega að þessu hagsmunamáli.

Finnbjörn Hermannsson sagði að á fundi trúnaðarráðs Samiðnar nýverið hafi verið samþykkt mjög hörð ályktun og hafi hún verið mjög í anda þess sem Guðmundur hafi talað um. Vandamálið sé að ófagmenntaðir útlendingar eru ráðnir til að vinna störf sem iðnmenntun þurfi til. Þannig sé grafið undan starfsmenntun og lífskjörum launafólks. Í mörgum tilvikum sé þessi vinna unnin af iðnaðarmönnum og þá ekki greitt meira en 1.100 kr. á tímann þegar áður var greitt 1.200 til 1.400 kr. fyrir sömu vinnu.

Finnbjörn sagði atvinnurekendur hafa brugðist við mikilli vöntun á vinnuafli síðustu ár með því að fá erlenda starfsmenn til lands. Verkalýðshreyfingin hafi þann tíma staðið í ströngu við að tryggja að lágmarkslaun gildi í landinu. Nú sé hins vegar komið að næsta þætti, þ.e. vernd starfsréttinda. Þau mál séu ekki einkamál iðnaðarmanna, heldur sameiginlegt viðfangsefni allra innan hreyfingarinnar. Finnbjörn sagði frá því er hann og Hilmar Harðarson hjá FIT hafi komið við á bifreiðaverkstæði þar sem unnið var við viðgerð á rútu. Að störfum voru útlendingar og talaði engin þeirra íslensku. Þeir hafi fengið þá skýringu frá eigenda verkstæðisins að árleg bifreiðaskoðun væri nóg til að tryggja öryggi rútunnar. Finnbjörn tók fram að hann væri ekki halda því fram að umræddir menn hefðu ekki kunnað til verka. Það verði engu að síður að vera viðunandi umgjörð um þessa vinnu en hana hafi skort hjá þessu fyrirtæki. Ábyrgðin sé hjá fyrirtækinu ef eitthvað fer úrskeiðis en ekki hjá starfsmönnum.

Finnbjörn tók ekki undir áskorun Sigurðar T. Sigurðssonar um fullgildingu ILO-158 og kvaðst vilja láta reyna á vilja félagsmálaráðherra í því efni. Finnbjörn benti á að sú hefð væri hér á landi að þegar til stæði að innleiða samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða Evrópusambandsins þá væri aðilum vinnumarkaðarins falið að semja um þá innleiðingu með kjarasamningi. Ef það bæri hins vegar ekki árangur væri málið lagt fyrir Alþingi. Finnbjörn sagði aðeins átta aðildarríki ILO hafa tekið samþykktina beint upp. Önnur ríki hafi hins vegar farið þá leið að semja um málið. Nú sé lag og við eigum að reyna að koma þessu á með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

Vilhjálmur Birgisson tók til máls og benti á að starfandi væri iðnaðarmannadeild hjá Verkalýðsfélagið Akranesi. Hann sagði meginþorra stéttarfélaga og landssambanda hafa staðið sig með sóma í baráttunni gegn félagslegum undirboðum.

Sigurður Bessason sagði umræðuna mjög fína um það hvernig verkalýðshreyfingin eigi að standa vörð um hagsmuni launafólks, innlends og erlends, með heildarhagsmuni í huga. Hann sagði að gott samtarf hafi verið með Eflingu-stéttarfélagi og félögum iðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu. Hann vill að kallað verði í auknum mæli eftir ráðningarsamningum hjá Vinnumálastofnun og það skoðað nánar hvernig mönnum er raðað í launaflokka eftir starfi og jafnframt hvort menn séu réttilega skráðir í stéttarfélög. Sigurður lagði einnig áherslu að menn hætti að tala þannig að það sé gefin staðreynd að allt erlent launafólk sé á lægstu kjörunum. Það sé stór hópur útlendinga sem sé það ekki. Þeir færi sig milli starfa og verji sín kjör eftir því sem þeir öðlast þekkingu á íslenskum vinnumarkaði. Við verðum að tala erlenda félaga að okkur, en ekki tala þá niður.

Örn Friðriksson sagði sum fyrirtæki komast upp með það að greiða fólki sem ekki þekkir til á íslenskum vinnumarkaði laun undir lágmarksákvæðum kjarasamninga. Nefndi þar nýlegt dæmi um ráðningarsamninga hjá málmiðnaðarmönnum. Þeir hafi verið settir á jafnaðarkaup en vinnutíminn ekki skilgreindur. VM hafi gert athugasemd

við þetta hjá Vinnumálastofnun en næsta dag voru mennirnir komnir í annað stéttarfélag. Úr svona málum verði viðkomandi stéttarfélög að leysa sameiginlega með hagsmuni hinna erlendu starfsmanna í huga.

Sigurður T. Sigurðsson óskaði eftir því við fundarstjóra að samþykkt yrðu frávik frá fundarsköpum svo bera mætti tillögu hans undir atkvæði fundarins.

Gunnar Páll Pálson tók til máls og kvaðst orðinn þreyttur á því sitja undir skömmum Hlífar og annarra félaga innan Starfsgreinasambandsins um afgreiðslu á þessu tiltekna máli. Félög innan Starfsgreinasambandsins hafi oft verið í þeirri aðstöðu að loka samningum fyrstir og spurði hann í því sambandi hve oft Hlíf hafi lagt samþykkt ILO-158 fram sem hluta af sinni kröfugerð á hendur stjórnvöldum.

Fundarstjóri lýsti mælendaskrá lokað.

Atkvæðagreiðsla

Fundarstjóri bar undir eftirfarandi skjöl undir atkvæði.

Skjöl nr. 20 og 21. Tillögur vinnumarkaðsnefndar að breytingum á II. og IV kafla í drögum að greinargerð ASÍ um norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið. Tillögur bornar upp og samþykktar samhljóða.

Atkvæðagreiðsla um kjör aðalmanna í miðstjórn

Fundarstjóri tilkynnti niðurstöðu atkvæðagreiðslu um skipan miðstjórnar ASÍ.

Eftirfarandi voru kjörnir sem aðalmenn í miðstjórn til tveggja ára:

Kristján Gunnarsson, Vl. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.

Gunnar Páll Pálsson, VR

Sævar Gunnarsson, Sjómannasamband Íslands

Sigurrós Kristinsdóttir, Efling Stéttarfélag

Guðmundur Gunnarsson, Rafiðnaðarsamband Íslands

Ragna Larsen, Báran stéttarfélag

Signý Jóhannesdóttir, Vaka

Tillaga kjörnefndar um varamenn í miðstjórn til ársfundar ASÍ 2009

Stefanía Magnúsdóttir gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar um varamenn í miðstjórn, sbr. skjal nr. 24.

Ásgerður Pálsdóttir, Samstaða

Fanney Friðriksdóttir, Efling

Vilhjálmur Birgisson, Vlf. Akraness

Konráð Alfreðsson, Sjómannafélagi Eyjafjarðar

Björn Ágúst Sigurjónsson, Félag íslenskra rafvirkja

Fundarstjóri lýsti eftir öðrum tilögum. Svo var ekki og lýsti hún þessa fulltrúa rétt kjörna.

Stefanía Magnúsdóttir tók aftur til máls og gerði nú grein fyrir tillögum kjörnefndar um aðalskoðunarmenn reikninga ASÍ til næstu 2 ára, sbr. skjal nr. 25.

Aðalskoðunarmenn
Birna Birgisdóttir, FTR (RSÍ)
Rannveig Sigurðardóttir, VR (LÍV)

Varamenn
Þórður Ólafsson, Boðinn (SGS)
Einar Hjaltason, FVSF (LÍV)

Fundarstjóri lýsti eftir öðrum tilögum. Svo var ekki og lýsti hún þessa einstaklinga rétt kjörna.

Stefanía Magnúsdóttir tók til máls og sagði að á fréttavef Morgunblaðsins mbl.is væri greint frá því að kjörnefnd liggi undir ámæli fyrir að hafa ekki tilnefnt neinn frá Afli Starfsgreinafélagi til setu í miðstjórn ASÍ. Af því tilefni vilji hún taka fram að kjörnefnd hafi lagt til að formaður AFLs Hjördís Þóra Sigþórsdóttir tæki sæti í miðstjórn sambandsins. Hjördís hafi hins vegar hafnað þeirri tillögu. Ekki hafi verið samstaða um að tilnefna Sverri Mar Albertsson í hennar stað.

Tillaga um kjörnefnd til loka ársfundar ASÍ 2008

„Gerð er tillaga um að sömu einstaklingar og skipuðu kjörnefnd 2007, skipi kjörnefnd til loka ársfundar 2008. Þau eru:

Stefanía Magnúsdóttir, Kristín Björnsdóttir, Ísleifur Tómasson, Guðmundur Þ Jónsson, Kolbeinn Gunnarsson, Þorbjörn Guðmundsson, Níels S. Olgeirsson, Konráð Alfreðsson og Ásgerður Pálsdóttir.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Sigurður T. Sigurðsson tók til máls. Las hann upp tillögu sína um fullgildinu ILO-158.

Hann sagði það mjög áríðandi að ársfundur ASÍ samþykki þessa ályktun en það hafi hann gert áður. Hann kvaðst ekki vita um neitt stéttarfélag sem væri komið með mótaðar tilögur í kjarasamninga. Það sé ekki hlutverk ársfundar ASI að leggja línur í því efni og því réttast að beina þessari kröfugerð beint að Alþingi. Sigurður rakti mál félagsmanns Hlífar sem hefði verið sagt upp störfum án ástæðu eftir 32 ára starf. Honum hafi verið tilkynnt um uppsögn fyrirvaralaust og sagt að hann ætti ekki að vinna uppsagnarfrestinn. Í raun hafi ástæðan fyrir uppsögninni verið sú að drög að kjarasamningi ÍSAL hafi verið felld í atkvæðagreiðslu. Umræddur maður hafi staðið upp á fundi stéttarfélagsins og hvatt félagsmenn til að fella samninginn þar sem hann væri ekki nógu góður að hans mati. Einhver hafi kjaftað í yfirstjórn ÍSAL sem hafi séð ástæðu til að refsa honum fyrir þetta. ILO-158 hefði varið þennan mann gegn uppsögn í þessu tilviki enda engin frambærileg ástæða fyrir hendi til að segja honum upp.

Rannveig Sigurðardóttir tók til máls. Hún sagði að þessum ársfundi hafi hún verið þeirrar gæfu aðnjótandi að vera með nýliðum. Þeir hafi hins vegar ekki allir verið nægilega vel undirbúnir. Hvatti hún aðildarfélögin til að leggja meiri vinnu í það að undirbúa nýliðana og setja þá inn í þau mál sem koma til umfjöllunar á ársfundi.

Þá minnti hún ársfundarfulltrúa á það verkefni að endurskoða ákvæði kjarasamninga um slysatryggingu launþega meðal annars með hliðsjón af þeim óeðlilega mun sem er á því sviði hjá ASÍ félögum annars vegar og BSRB félögum hins vegar. Hún skoraði einnig á ársfundarfulltrúa að horfa á kjaramálin með jafnréttisgleraugum.

Elínbjörg Magnúsdóttir gerði athugasemd við fundarstjórn. Í gær hafi átt að fara fram umræða, m.a. í nefndum ársfundar, um drög að greinargerð um norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið. Í þeirri umræðu hafi menn átt kost á því að leggja fram tillögur um breytingar og fá þær bornar undir atkvæði. Fundarstjóri leyfi hins vegar framlagningu nýrra tillagna nú undir liðnum önnur mál sem að réttu hefðu átt að koma fram í gær. Hún geri þá kröfu til reyndra manna í fundarstjórn að þeir hagi dagskrá ársfundar þannig að ársfundarfulltrúar geta fjallað um málin með réttum hætti.

Fundarstjóri tók til máls og sagði að samkvæmt fundarsköpum ársfundar væri ekki fullljóst hvernig ætti að afgreiða þessa tillögu. Líta mætti svo á að hún hefði í raun komið fram á fundi vinnumarksnefndar í gær.

Sigurður T. Sigurðsson óskaði eftir afbrigðum á fundarsköpum. Þau afbrigði séu eðlileg og aðgengileg. Honum hafi verið sagt að tillagan yrði tekin fyrir í einni af nefndum ársfundar.

Fundarstjóri tók til máls og sagði að þar sem tillagan hefði ekki hlotið afgreiðslu með formlegum hætti við fyrri umræðu málsins komist hún ekki að nú. Sagði fundarstjóri að fjallað hefði verið um ILO-158 með fullnægjandi hætti á ársfundinum.

Ólafur Pétursson sagði að fulltrúum í kjara- og efnahagsnefnd hafi verið tjáð að um tillöguna yrði fjallað í annarri nefnd á ársfundinum. Ef það yrði hins vegar ekki gert kæmi fram sérstök ályktun um málið. Sú hafi verið niðurstaðan og þess vegna leggi Sigurður T. Sigurðsson fram þessa tillögu. Fór Ólafur fram á það að fundurinn fengi tækifæri til að taka afstöðu til tillögunnar.

Fundarstjóri tók til máls og sagði að áherslur ársfundarins varðandi innleiðingu á grundvallarreglu ILO-158 um ráðningarvernd launafólks kæmu fram með skýrum hætti í þeim skjölum sem borin hafi verið upp og samþykkt og liti hún því svo á að ársfundurinn hafi afgreitt málið með fullnægjandi hætti.

Ársfundi slitið

Þórunn Sveinsbjörnsdóttir greindi frá því að hún væri að hætta störfum fyrir verkalýðshreyfinguna en muni þó starfa áfram á hliðarlínunni við ákveðin verkefni. Nefndi hún í því sambandi Mentor verkefnið og ritstörf. Hún hafi starfað í hreyfingunni í 20 ár sem væri ómetanleg lífsreynsla og þakkaði hún kærlega fyrir samstarfið. Þá þakkaði hún starfsmönnum ASÍ fyrir þeirra störf og ársfundarfulltrúum fyrir þeirra samveru og samstarf.

Hún gaf síðan **Grétari Þorsteinssyni** orðið sem flutti svo hljóðandi ræðu.

> *„Fundarstjórar - góðir félagar.*
>
> *Dagskrá sjöunda ársfundar Alþýðusambands Íslands er tæmd. Þessir tveir dagar hafa verið annasamir og við höfum komist yfir að afgreiða mörg mál. Auk þess höfum við rifjað upp gömul og góð kynni – eins og vera ber á svona samkomu.*
>
> *Helstu viðfangsefnin voru umræðan um kjarasamningana og það efni sem hefur verið undirbúið fyrir fundinn.*
>
> *Ítarleg umræða um norræna velferðar- og vinnumarkaðsmódelið. Það má segja að við höfum verið að undirbúa okkur undir þá umfjöllun og tillögugerð á undanförnum árum.*
>
> *Á síðustu ársfundum höfum við unnið að margvíslegri stefnumörkun, sem eru innlegg í og undirbúningur undir það sem við afgreiddum síðan á þessum fundi. Þannig höfum við fjallað um afmarkaða þætti eins og velferðarmál og atvinnumál og síðast ræddum við um hnattvæðinguna og hagsmuni launafólks.*

Niðurstaðan er í stórum dráttum sú, að hagmunum launafólks í hnattvæðingunni sé best borgið með velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd, auk þess sem samskipti á vinnumarkaði séu í þeim farvegi sem við höfum kallað norræna vinnumarkaðsmódelið.

Við höfum rætt um nokkur einstök atriði sem tengjast velferðarmálunum. Í því sambandi vil ég draga sérstaklega út húsnæðismálin. Það var mikil eindrægni á fundinum hvað varðar mikilvægi þess að gera átak í húsnæðismálum láglaunafólks.

Síðan ræddum við um metnaðarfullar hugmyndir um áfallatryggingasjóð og slysa, veikinda- og örorkutryggingar.

Sá afrakstur sem við förum með af þessum fundi er okkur mikilvægt leiðarljós í vinnunni framundan. Þá gildir einu hvort við erum að tala um þá vinnu sem bíður okkar á næstu vikum – þ.e. vinnan við kjarasamningana – eða hvort við erum að tala um stefnumótun til lengri tíma. Við förum vel nestuð frá fundinum.

Við höfum staðfest þann vilja ársfundarins að lögð verði áhersla á hækkun kaupmáttar og sérstaklega að lægstu launin verði hækkuð umtalsvert.

Jafnframt hefur verið staðfestur sá vilji að færa taxta að greiddu kaupi. Það er mikilvægt tæki í baráttunni gegn félagslegum undirboðum, sem hefur verið fyrirferðarmikil í starfi okkar undanfarin misseri.

Félagar,

Á ársfundinum var líka tekist á um trúnaðarstöður. Það þýðir ekki að bera sig illa undan því. Það er að mörgu leyti hraustleikamerki að takast á – og það segir okkur að það er eftirsóknarvert að sitja í forystu Alþýðusambandsins. Hugsið ykkur ef það þyrfti að þvinga fólk til að taka að sér þessi verk eins og sums staðar þekkist.

Ég þekki þá einstaklinga alla sem gáfu kost á sér og ég veit að þeir hafa allir þann félagslega þroska til að bera, að það verða engin eftirmál. Auðvitað verða alltaf einhver sérindi – tímabundið – en það ristir ekki djúpt. Ég þekki þetta á eigin skinni.

Það komu fram tvö framboð í embætti varaforseta, þar sem tvær konur gáfu kost á sér – báðar mörgum góðum kostum búnar. Ég vil óska Ingibjörgu R. til hamingju með endurkjörið og Signýju til hamingju með glæstan stuðning.

Að afloknum þessum kosningum vil ég taka undir það sem Signý sagði eftir að úrslit voru ljós í kosningunni um embætti varaforseta.

Hún sagði efnislega eitthvað á þá leið, - að hvernig sem niðurstaðan í kosningum er – þá beri okkur að snúa bökum saman í baráttunni fyrir bættum kjörum okkar félaga. Til þess erum við kjörin.

Félagar,

Það líður að lokum þessa fundar. Mig langar að þakka þeim félögum sem láta nú af störfum í miðstjórn fyrir samstarfið. Nú eru að hætta þau Þórunn Sveinbjörnsdóttir úr Eflingu og Pétur Sigurðsson frá Verkalýðsfélagi Vestfjarða. Þessir góðu félagar láta nú af störfum í miðstjórn eftir áratugalangt starf.

Þeir sem nú hætta sem varamenn í miðstjórn eru Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, AFLi, Sveinn Hálfdánarson, Stéttarfélagi Vesturlands og Unnur Helgadóttir sem kom frá Verslunarmannafélagi Hafnarfjarðar.

Jafnframt vil ég óska þeim sem hér hafa verið kjörnir til starfa í miðstjórn til hamingju. Þar koma inn sem nýir aðalmenn þær Signý Jóhannesdóttir og Sigurrós Kristinsdóttir. Nýir varamenn eru Ásgerður Pálsdóttir, Fanney Friðriksdóttir og Vilhjálmur Birgisson.

Að lokum vil ég þakka fundarstjórum og riturum fyrir störf sín, sem hafa gengið fram af mikilli röggsemi.

Við skulum gefa þessum félögum okkar gott klapp.

Jafnframt þakka ég starfsfólki Alþýðusambandsins og öðrum þeim sem hafa tekið þátt í að gera framkvæmd fundarins jafn góða og hún hefur verið. Hún hefur verið með miklum ágætum.

Ég vil biðja starfsfólkið að koma í salinn og gefa okkur kost á að þakka fyrir með lófaklappi.

Áður en ég sleppi ykkur alveg, vil ég þakka árfundarfulltrúum fyrir góðan ársfund og óska öllum góðrar heimferðar og heimkomu.

Sjöunda ársfundi ASÍ er slitið."

Fundi slitið kl. 16:20.

FULLTRÚAR Á ÁRSFUNDI ASÍ 2007

Bein aðild að ASÍ
Félag bókagerðarmanna
Bragi Guðmundsson
Georg Páll Skúlason
Hrafnhildur Ólafsdóttir
Stefán Ólafsson
VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Brynjar Viggósson
Einar Vigfússon
Friðrik Björgvinsson
Guðmundur Smári Guðmundsson
Guðmundur Þórður Ragnarsson
Gunnar Skagfjörð Gunnarsson
Gylfi Ingvarsson
Halldór Arnar Guðmundsson
Haraldur Guðjón Samúelsson
Jón Jóhannsson
Samúel Ingvason
Sævar Örn Kristjánsson
Vignir Eyþórsson
Örn Friðriksson
MATVÍS
Jón Karl Jónsson
Níels Sigurður Olgeirsson
Sigurður Magnússon
Þorsteinn Ómar Gunnarsson
Félag ísl. hljómlistarmanna
Hildigunnur Halldórsdóttir
Sigurgeir Sigmundsson
Félag leiðsögumanna
Pétur Jónsson
Flugfreyjufélag Íslands
Ástríður Helga Ingólfsdóttir
Sigrún Jónsdóttir
Mjólkurfræðingafélag Íslands
Kristján Rudolf Larsen

Landssamband ísl. verzlunarmanna
VR
Alda Særún Guðbjörnsdóttir
Anna Björg Siggeirsdóttir
Anna Sigrid Karlsdóttir
Anna Þórðardóttir Bachmann
Arngrímur Friðrik Pálmason
Áslaug Garðarsdóttir
Ásmundur I Þórisson
Benedikt Vilhjálmsson
Birgir Már Guðmundsson
Bjarndís Lárusdóttir
Björgvin Ingason
Dóra Sólrún Kristinsdóttir
Eðvald Geirsson
Einar Magnús Nikulásson
Elías Guðmundur Magnússon
Elísabet Magnúsdóttir
Elsa Unnur Guðmundsdóttir
Grétar Hannesson
Guðjón Steinarsson
Guðmundur H Garðarsson
Guðmundur Ingi Kristinsson
Guðmundur J Jónsson
Guðmundur Pétursson
Guðrún Erlingsdóttir
Guðrún Helga Stefánsdóttir
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir
Gunnar Helgi Guðmundsson
Gunnar Páll Pálsson
Gunnlaugur Magnússon
Hafdís Erla Kristinsdóttir
Hannes Þ Sigurðsson
Heiða Björk Júlíusdóttir
Helga Björk Pálsdóttir
Hermóður Gestsson
Hildur Pálmadóttir
Ingibjörg L Magnúsdóttir
Ingibjörg Ólafsdóttir
Ingibjörg R Guðmundsdóttir
Jóhanna E Vilhelmsdóttir
Jóhanna Þórisdóttir
Jón Ingi Kristjánsson
Jón Magnússon
Jóna Kristjana Kristinsdóttir
Jónína Sóley Ólafsdóttir
Judy Ásthildur Wesley
Júlíana Pálsdóttir
Júnía Þorkelsdóttir
Kolbrún Friðriksdóttir
Kristín Sigurðardóttir
Laufey Eydal
Lykke Bjerre Larsen
Margrét Eiríksdóttir
Margrét Sveinsdóttir
Margrét Sverrisdóttir
Ólafur Ólafsson
Óskar Kristjánsson
Ragnar Engilbertsson
Rannveig Sigurðardóttir
Reynir Jósepsson
Sigríður Laufey Hálfdánardóttir
Sigurður Sigfússon
Sigurhans Wium Hansson
Sólveig Haraldsdóttir
Stefanía Magnúsdóttir
Steinar J Kristjánsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Stella Breiðfjörð Magnúsdóttir
Sveinbjörn F Pétursson
Sæmundur Karl Jóhannesson
Valdimar Ingibergur Þórarinsson

Valur Magnús Valtýsson
Þorlákur Jóhannsson
Þorsteinn Bjarnason
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Ásta Pálína Stefánsdóttir
Bryndís Kjartansdóttir
Guðbrandur Einarsson
Stéttarfélag Vesturlands
Einar Oddur Pálsson
Stéttarfélagið Samstaða
Guðbjörg Þorleifsdóttir
Verslunarmannafélag Skagfirðinga
Hjörtur S Geirmundsson
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
Eiður Stefánsson
Margrét Guðmundsdóttir
Svavar Hannesson
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Verslunarmannafélag Húsavíkur
Snæbjörn Sigurðarson
Verslunarmannafélag Austurlands
Kristín María Björnsdóttir
Verslunarmannafélag Suðurlands
Guðmundur Gils Einarsson
Margrét Ingþórsdóttir
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Finnur Magnússon

Rafiðnaðarsamband Íslands
Félag ísl. símamanna
Aðalheiður Gunnarsdóttir
Birna Dögg Granz
Grétar Birkir Guðmundsson
Félag ísl. rafvirkja
Björn Ágúst Sigurjónsson
Guðmundur Gunnarsson
Hermann Lúðvíksson
Ísleifur Tómasson
Stefán Sveinsson
Félag rafeindavirkja
Björn Eysteinsson
Þórarinn Ólafsson
Þórunn Stefanía Jónsdóttir
Félag tæknifólks í rafiðnaði
Jakob Tryggvason
Þorsteinn Úlfar Björnsson
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja
Georg Grundfjörð Georgsson
Rafvirkjafélag Norðurlands
Sigurður Ólafsson
Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi
Ómar Þór Baldursson
Félag sýningarmanna við kvikmyndahús
Stefán Ó Guðmundsson
Félag símsmiða
Sigurgeir Ólafsson

Samiðn
Trésmiðafélag Reykjavíkur
Finnbjörn A Hermannsson
Grétar Þorsteinsson
Sigurjón Einarsson
Félag hársnyrtisveina
Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir
Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir
Félag iðn- og tæknigreina
Ármann Ægir Magnússon
Einar Þór Gíslason
Georg Óskar Ólafsson
Gunnar Björn Gunnbjörnsson
Hilmar Harðarson
Ólafur Sævar Magnússon
Sveinn Ingason
Tryggvi Frímann Arnarson
Vilhjálmur G Gunnarsson
Verkalýðsfélag Akraness
Þórarinn Helgason
Félag byggingamanna Eyjafirði
Guðmundur Ómar Guðmundsson
Heimir Þorleifur Kristinsson
ÞINGIÐN
Jónas Kristjánsson
AFL-Starfsgreinafélag
Finnur Þorsteinsson
Sigurður Hólm Freysson
Félag járniðnaðarmanna Ísafirði
Elvar Guðmundur Ingason
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri
Brynjólfur Jónsson
Hákon Hákonarson

Sjómannasamband Íslands
Sjómanna- og vélstj.fél. Grindavíkur
Hermann Magnús Sigurðsson
Sævar Gunnarsson
Sjómannafélag Eyjafjarðar
Árni Sigurðsson
Konráð Þorsteinn Alfreðsson
AFL-Starfsgreinafélag
Björgvin Pétur Erlendsson
Sjómannafélagið Jötunn
Elías Björnsson
Valmundur Valmundsson

Starfsgreinasamband Íslands
Efling, stéttarfélag
Álfheiður Bjarnadóttir
Berglind Jónína Gestsdóttir
Elín Jónsdóttir
Elín Lorenza Tangolamos
Elínbjörg Magnúsdóttir
Fanney Helga Friðriksdóttir
Franz Arason

Friðrik Benediktsson
Guðjón Ágúst Norðdahl
Guðlaugur Bjarnason
Guðmundur Ragnar Ragnarsson
Guðmundur Þ Jónsson
Guðrún Hlín Adolfsdóttir
Gunnar Þröstur Ásgeirsson
Halldór Guðjón Björnsson
Heimir Hafliðason
Hrönn Bjarnþórsdóttir
Ingi Bjarnar Guðmundsson
Ingvar Vigur Halldórsson
Jakobína Guðjónsdóttir
Jenný Jensdóttir
Jódís Sigurðardóttir
Jón Friðrik Hrafnsson
Jóna Sveinsdóttir
Jónína Sigurðardóttir
Karlotta Sigríður Óskarsdóttir
Kristín Guðbj. Benediktsdóttir
Kristín Helga Jónatansdóttir
Lilja Eiríksdóttir
Magnús Jakobsson
Ólafur Guðmundsson
Ólafur Haraldsson
Ragna S Sveinbjörnsdóttir
Ragnar Ólason
Signe Reidun Skarsbö
Sigurður Bessason
Sigurey Agatha Ólafsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir
Stefán Gíslason
Steinn G Lundholm
Svanhvít Brynja Tómasdóttir
Theodóra S. Theodórsdóttir
Vania Valentinova Koleva
Viðar Ottesen
Þorsteinn M Kristjánsson
Þóra Jónsdóttir
Þóra Sigurbjörnsdóttir
Þórunn H Sveinbjörnsdóttir
Þuríður Ingimundardóttir

Verkalýðsfélagið Hlíf
Erla Þóra Óskarsdóttir
Halldóra Margrét Árnadóttir
Ingibjörg Pála Harðardóttir
Kolbeinn Gunnarsson
Ólafur Pétursson
Sigurður Tr Sigurðsson

Vl og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.
Guðjón H Arngrímsson
Jóhannes D Halldórsson
Kristján G Gunnarsson
Kristrún Jónsdóttir
Sigurbjörg Eiríksdóttir
Steingerður Hermannsdóttir

Verkalýðsfélag Grindavíkur
Benoný Benediktsson

Vl. og sjóm.fél. Sandgerðis
Baldur Matthíasson

Verkalýðsfélag Akraness
Björgólfur Einarsson
Jón Jónsson
Tómas Rúnar Andrésson
Vilhjálmur E Birgisson

Stéttarfélag Vesturlands
Baldur Jónsson
Kristín Helga Ármannsdóttir
María Erla Guðmundsdóttir
Sveinn Gunnar Hálfdánarson

Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar
Guðrún Fríða Pálsdóttir

Stéttarfélagið Samstaða
Baldvin S Baldvinsson
Eiríkur Pálsson

Verkalýðsfélagið Stjarnan
Sverrir Karlsson

Verkalýðsfélag Stykkishólms
Þorsteinn Sigurðsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Eiríkur B Ragnarsson
Finnbogi Sveinbjörnsson
Karitas Maggy Pálsdóttir
Kári Þór Jóhannsson

Aldan, stéttarfélag
Hjördís Rakel Gunnarsdóttir
Þórarinn Guðni Sverrisson

Verkalýðsfélagið Vaka
Signý Jóhannesdóttir

Eining - Iðja
Anna Júlíusdóttir
Björn Snæbjörnsson
Elísabet Jóhannsdóttir
Guðrún Fanney Skarphéðinsdóttir
Hafdís Ósk Kristjánsdóttir
Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir
Ingvar Kristjánsson
Marzibil E Kristjánsdóttir
Matthildur Sigurjónsdóttir
Sigríður K Bjarkadóttir

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis
Aðalsteinn Árni Baldursson
Jakob Gunnar Hjaltalín
Kristbjörg Sigurðardóttir

Verkalýðsfélag Þórshafnar
Kristinn Lárusson

AFL-Starfsgreinafélag
Anna María Sveinsdóttir
Guðlaugur Þröstur Bjarnason
Gunnar Smári Guðmundsson
Hanna Ingólfsdóttir
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Ingibjörg Sverrisdóttir
Jens Hjelm
Konráð Sveinsson

Kristján Eggert Guðjónsson
Kristrún Björg Gunnarsdóttir
Óðinn Ómarsson
Páll Jónsson
Reynir Arnórsson
Sigurbjörg Kristmundsdóttir
Sigurgeir Jóhannsson
Snorri Hallgrímsson
Steinunn Zoéga
Sverrir Mar Albertsson
Þorkell Kolbeins

Drífandi, stéttarfélag

Arnar G Hjaltalín

Verkalýðsfélag Suðurlands

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson
Már Guðnason

Báran, stéttarfélag

Ásdís Ágústsdóttir
Ingvar Garðarsson
Óðinn Kalevi Andersen
Ragna Gissurardóttir

Vl. og sjóm.fél. Boðinn

Jóna Sigríður Gestsdóttir
Sigríður A Aðalbergsdóttir

Vl. og sjóm.fél. Bolungarvíkur

Margrét Sæunn Hannesdóttir

Breytingar eftir fund kjörbréfanefndar 16. okt. 2007

	Út:	Inn:
AFL Starfsgreinafélag	Haukur Guðjónsson	Sigurður Freysson
	Eyþór Guðmundsson	Hanna Ingólfsdóttir
	Hugi Guttormsson	Konráð Sveinsson
	Jakob Friðriksson	Gunnar Smári Guðmundsson
	Jóna Járnbrá Jónsdóttir	Sigurbjörg Kristmundsdóttir
	Jökull Magnússon	Jens Hjelm
	Kristján Magnússon	Steinunn Zoega
	Sara G. Jakobsdóttir	Ingibjörg Sverrisdóttir
	Stefanía Stefánsdóttir	Anna María Sveinsdóttir
	Bryndís Aradóttir	Kristrún Björg Gunnarsdóttir
VR	Ingólfur Kristmundsson	Elísabet Magnúsdóttir
	Elín Bubba Gunnarsdóttir	Laufey Eydal
	Kristín Gunnarsdóttir	Sólveig Haraldsdóttir
	Rannveig Kristjánsdóttir	Margrét Sveinsdóttir
	Guðrún Helga Stefánsdóttir	Rósmarý Úlfarsdóttir
	Ingibjörg Ólafsdóttir	Hanna Kr. Steinarsdóttir
Fél.versl.-og skrif. Akureyri	Margrét Guðmundsdóttir	Sigurlaug Hinriksdóttir
	Svavar Hannesson	Elísabet Hallgrímsdóttir
Vl. og sjóm.f. Keflavíkur	Guðjón Arngrímsson	Jón R. Halldórsson
	Kristrún Jónsdóttir	Ragnar Guðleifsson
	Steingerður Hermannsdóttir	
Vlf. Hlíf	Ingibjörg Pála Harðardóttir	Reynir Albertsson
Stéttarfélag Vesturlands	Kristín Ármannsdóttir	Guðbrandur Magnússon
Vlf. Vestfirðinga	Kári Þ. Jóhannsson	Pétur Sigurðsson
Rafiðnaðarsamband Íslands	Birna Dögg Grans	Guðrún Bergþórsdóttir
	Þórarinn Ólafsson	Sigurður Steinarsson

Breytingar 18. október 2007

Rafiðnaðarsamband Íslands	Sigurgeir Ólafsson	Sighvatur D. Sighvats
VR	Steinar J. Kristjánsson	Gunnar Kristinn ilmarsson
	Ásmundur I. Þórisson	Jóhanna Magnúsdóttir
Fél. ísl. hljómlistarmanna	Sigurgeir Sigmundsson	Björn Th. Árnason

Breytingar 19. október 2007

Flugfreyjufélag Íslands	Sigrún Jónsdóttir	Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir
VR	Brynjar Már Guðmundsson	Björn H. Björnsson
	Steinar J. Kristjánsson	Gunnar K. Hilmarsson

Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1, 105 Reykjavík
Sími: 53 55 600
www.asi.is